

# Stjórnartíðindi

## 2004 - B-deild - B76-78

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

### Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

### Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

### Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

### Athugasemdir um þessa útgáfu

Minniháttar gallar á bls. 1299 og 1309.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

# ***Stjórnartíðindi***

***B 76-78***

***Nr. 521-543***

***2004***

## Efnisyfirlit B 76–78 2004

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
521	5. júní	Reglugerð um lánshlutfall og hámarksfjárhæð ÍLS-veðbréfa .....	1297-1298
522	5. júní	Reglugerð um ÍLS-veðbréf og íbúðabréf .....	1298-1306
523	5. júní	Reglugerð um greiðslumark mjólkur á lögbylum og beingreiðslur til bænda verðlagsárið 2004-2005 .....	1307-1309
524	15. júní	Reglugerð um leyfilegan heildarafla á fiskveiðiárinu 2004/2005 .....	1310
525	21. júní	Reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti .....	1311-1312
526	8. júní	Lögreglusamþykkt fyrir Mýrdalshrepp .....	1313-1320
527	16. júní	Reglur um fjárhagsaðstoð á Akranesi .....	1321-1328
528	14. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 310/1997 um skráningu vörumerkja o.fl. ....	1328
529	16. júní	Reglur um farmvernd .....	1329-1334
530	9. júní	Reglur um viðmið við mat Fjármálaeftirlitsins á áhættu fjármálafyrirtækja og ákvörðun um eiginfjárhlutfall umfram lögbundið lágmark .....	1335-1339
531	14. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 706/2001 um skráningu hönnunar .....	1340-1343
532	24. júní	Auglýsing um flutningsjöfnunargjald á olúvörum .....	1343
533		Reikningur Þjóðhátíðarsjóðs fyrir árið 2003 .....	1344-1346
534	14. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 574/1991 varðandi umsóknir um einkaleyfi o.fl., með síðari breytingum .....	1347-1349
535	18. júní	Auglýsing um deiliskipulag vegna skiltis við Garðatorg og Vífilsstaðaveg í Garðabæ .....	1349
536	7. apríl	Gjaldskrá fyrir byggingarleyfisgjöld og gjöld tengd þeim í Stykkishólmsbæ .....	1350
537	15. júní	Skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ásgeirs Jónsteinssonar ..	1351-1352
538	22. júní	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar .....	1352
539	14. júní	Auglýsing um breytingu á auglýsingu nr. 575/1991 um reglur varðandi einkaleyfisumsóknir, með síðari breytingum .	1353
540	14. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 916/2001, um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl., með síðari breytingum .....	1354
541	24. júní	Gjaldskrá Reykjavíkurhafnar .....	1355-1359
542	14. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 419/1999 um skírteini útgefin af Flugmálastjórn Íslands .....	1359-1360
543	24. júní	Auglýsing um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi norðan Skarðsheiðar 1997-2017, Indriðastaðir (golfvöllur), Skorradalshreppi .....	1360

# STJÓRNARTÍÐINDI B 76 – 2004

5. júní 2004

1297

Nr. 521

## REGLUGERÐ

### um lánshlutfall og hámarksfjárhæð ÍLS-veðbréfa.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um lánshlutfall og fjárhæðir ÍLS-veðbréfa, sem gefin eru út samkvæmt lögum um húsnæðismál nr. 44/1998, með síðari breytingum.

Um framkvæmd og nánari skilyrði lánveitinga Íbúðalánasjóðs gildir reglugerð um ÍLS-veðbréf og íbúðabréf.

#### 2. gr.

##### *Lánshlutfall almennra íbúðalána.*

Fjárhæð ÍLS-veðbréfs skv. VI. kafla reglugerðar um ÍLS-veðbréf og íbúðabréf getur numið allt að 70% af matsverði íbúðar, ef umsækjandi er að kaupa eða byggja sína fyrstu íbúð, en annars allt að 65% af matsverði.

#### 3. gr.

##### *Hámarksfjárhæð almennra íbúðalána.*

Hámarkslán Íbúðalánasjóðs til kaupa á notaðri íbúð er 9.200.000 kr. en 9.700.000 kr. vegna nýbyggingar.

Uppfærð áhvílandi ÍLS-veðbréf og fasteignaveðbréf, sem skipt hefur verið fyrir húsbref, koma til frádráttar fyrrgreindum fjárhæðum.

#### 4. gr.

##### *Hámark lána vegna viðauka og til endurbóta.*

Lán skv. VII. kafla reglugerðar um ÍLS-veðbréf og íbúðabréf, ásamt öllum uppfærðum lánnum sem á undan hvíla, skal rúmast innan við 65% af matsverði viðkomandi íbúðar.

Fjárhæð láns samkvæmt þessari grein og uppreiknaðra áhvílandi ÍLS-veðbréfa og fasteignaveðbréfa, sem skipt hefur verið fyrir húsbref, má samanlagt ekki nema hærri fjárhæð en 12.000.000 kr. Aukalán til einstaklinga með sérþarfir skerða ekki þetta hámark.

Útgefið ÍLS-veðbréf samkvæmt þessari grein skal að lágmarki nema 570.000 kr.

## 5. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 19. gr. og 29. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júlí 2004.

*Félagsmálaráðuneytinu, 5. júní 2004.*

**Árni Magnússon.**

*Guðjón Bragason.*

## REGLUGERÐ

### um ÍLS-veðbréf og íbúðabréf.

## I. KAFLI

**Gildissvið og orðskýringar.**

## 1. gr.

*Gildissvið.*

Reglugerð þessi tekur til almennra lána Íbúðalánasjóðs, sbr. VI. kafla laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum. Auk þess tekur reglugerðin til lánveitinga Íbúðalánasjóðs, tilhögun viðskipta og útgáfu íbúðabréfa, sbr. 29. gr. laga um húsnæðismál.

## 2. gr.

*Orðskýringar.*

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

1. *ÍLS-veðbréf* er skuldabréf sem kaupandi eða eigandi íbúðarhúsnæðis gefur út til Íbúðalánasjóðs með veði í íbúðarhúsnæði. ÍLS-veðbréfi má skipta í frumbréf og viðaukabréf.
2. *Íbúðabréf* er markaðshæft skuldabréf sem gefið er út í nafni Íbúðalánasjóðs og sjóðurinn selur á almennum markaði í því skyni að afla fjár fyrir lánveitingar sínar. Íbúðabréf er rafbréf, sbr. lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997.
3. *Fasteignaveðbréf* er veðskuldabréf sem skiptanlegt var fyrir húsbref Íbúðalánasjóðs.
4. *Fjármögnunarbréf* er markaðshæft skuldabréf sem gefið er út í nafni Íbúðalánasjóðs (íbúðabréf) eða hefur verið gefið út í nafni Íbúðalánasjóðs, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna (húsbref og húsnæðisbréf) í tengslum við lánveitingar og fjármögnun þessara sjóða.
5. Með *verðbréfaflokki* er átt við skuldabréf sem gefin eru út skv. 4. tölul. með sömu vöxtum, lánstíma og endurgreiðsluskilmálum. Bréf í verðbréfaflokki geta verið rafbréf, sbr. 2. tölul.
6. Með *íbúðarkaupanda* er átt við einstakling(a), hjón eða sambúðarfólk.
7. Með *húsbyggjanda* er átt við einstakling(a), hjón eða sambúðarfólk.
8. Með *sambúðarfólki* er átt við skráða sambúð karls og konu er eiga sameiginlegt lögheimili samkvæmt þjóðskrá eða tvo einstaklinga sem hafa fengið staðfesta samvist.
9. Með *byggingaraðila* er átt við hvern þann aðila, lögaðila eða einstakling, sem byggir íbúðarhúsnæði til sölu samkvæmt ÍST 51.
10. Með *íbúðareiganda* er átt við einstakling(a), hjón eða sambúðarfólk.
11. Með *nýbyggingu* er átt við nýja íbúð sem hlotið hefur samþykki byggingaryfirvalda

og ekki hefur verið tekin í notkun eða hefur verið í notkun í sex mánuði eða skemur þegar ÍLS-veðbréf (frumbréf) er gefið út.

12. Með *byggingarkostnaði* er átt við skráð endurstofnverð íbúðar að viðbættu lóðarmati samkvæmt Landsskrá fasteigna.
13. *Íbúðarkaupandi* eða *húsbyggjandi* telst vera að kaupa eða byggja sína fyrstu íbúð, ef hann hefur ekki átt íbúð eða hluta úr íbúð síðastliðin þrjú ár. Íbúðarkaupandi eða húsbyggjandi skal staðfesta það með því að leggja fram vottorð frá skattstjóra eða Fasteignamati ríkisins fyrir næstliðin þrjú tekjuár. Heimilt er að miða tímabilið við dagsetningu þinglýsts kaupsamnings. Undanþegið er ef íbúðarkaupandi hefur eignast minna en helming úr íbúð fyrir arf.

## II. KAFLI Íbúðalánasjóður.

### 3. gr.

*Fjárhagur og rekstrarkostnaður.*

Íbúðalánasjóður er ein rekstrareining.

Íbúðalánasjóður fjármagnar útlán sín með sölu íbúðabréfa og lántöku.

Rekstrarkostnaður Íbúðalánasjóðs og tap vegna útlána skal greitt af tekjum sjóðsins. Félagsmálaráðherra ákveður að fengnum tillögum stjórnar Íbúðalánasjóðs lántökugjald auk vaxtaálags til að mæta rekstrarkostnaði, áætluðum útlánatöpum og vaxtaáhættu sjóðsins.

Íbúðalánasjóður skal halda mismunandi lánaflokkum sjóðsins aðgreindum í bókhaldi sínu.

## III. KAFLI Útgáfa íbúðabréfa.

### 4. gr.

*Verðbréfaflokkar.*

Íbúðalánasjóður gefur út flokka markaðshæfra skuldabréfa og bera þau heitið íbúðabréf. Öll bréf í sama flokki skulu bera sömu lánskjör. Vextir íbúðabréfa í hverjum flokki skulu vera óbreytanlegir allan lánstímann.

Stjórn Íbúðalánasjóðs gerir tillögu til félagsmálaráðherra um skilmála hvers flokks, svo sem vexti, verðtryggingu, endurgreiðsluform og lánstíma.

### 5. gr.

*Skráning á verðbréfaþingi eða í kauphöll.*

Íbúðabréf skulu vera skráð á verðbréfaþingi eða í kauphöll. Íbúðalánasjóði er heimilt að koma á fót aðalmiðlarakerfi með íbúðabréf.

Sjóðnum er heimilt að lána aðalmiðlara, eða þeim sem tekur að sér viðskiptavakt með íbúðabréf, verðbréf gegn tryggingu til að liðka fyrir verðmyndun á markaði.

### 6. gr.

*Form og framsal íbúðabréfa.*

Íbúðabréf eru rafbréf sbr. skilgreiningu á hugtakinu rafbréf í lögum um rafræna eignaskráningu verðbréfa, nr. 131/1997, með síðari breytingum. Þau skulu gefin út sem handhafabréf og verða ekki framseld á nafn.

### 7. gr.

*Gjaldfallnar endurgreiðslur íbúðabréfa.*

Endurgreiðslur höfuðstóls, vaxta og verðbóta af íbúðabréfum, sem fallnar eru í gjald-

daga, fyrnast sé þeirra ekki vitjað innan tíu ára frá gjalddaga. Endurgreiðslur íbúðabréfa bera ekki vexti eða verðbætur eftir gjalddaga.

8. gr.

*Skattskylda.*

Skattaleg meðferð íbúðabréfa, vaxta og verðbóta af þeim fer samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt á hverjum tíma.

#### IV. KAFLI

#### **Greiðslugeta íbúðarkaupenda og húsbyggjenda.**

9. gr.

*Greiðslumat.*

Áður en Íbúðalánasjóður veitir lán samkvæmt þessari reglugerð skal væntanlegur lántaki fá greiðslugetu sína metna hjá fjármálastofnun eða öðrum aðila sem Íbúðalánasjóður hefur gert samning við, sbr. 2. mgr. 11. gr. og 3. mgr. 18. gr. laga um húsnæðismál. Til að unnt sé að meta greiðslugetuna þarf hann að leggja fram þau gögn sem Íbúðalánasjóður krefst hverju sinni. Stjórn Íbúðalánasjóðs setur nánari reglur og leiðbeiningar um framkvæmd greiðslumatsins.

10. gr.

*Áskilnaður um greiðslumat.*

Íbúðalánasjóður samþykkir ekki lánveitingu til umsækjanda ÍLS-veðbréfs eða yfirtöku áhvílandi ÍLS-veðbréfs eða fasteignaveðbréfs nema fyrir liggi greiðslumat skv. 9. gr., samanber þó 17. gr.

Ef tveir eða fleiri einstaklingar gera sameiginlegt kautilboð og óska eftir lánveitingu samkvæmt ÍLS-veðbréfi eða yfirtöku áhvílandi ÍLS-veðbréfs eða fasteignaveðbréfs, skal ákvörðun um fyrirgreiðslu sjóðsins byggjast á sameiginlegu greiðslumati fyrir alla þá er kautilboðið gera.

Ekki er gerður áskilnaður um greiðslumat þegar um er að ræða skuldaraskipti vegna andláts maka.

11. gr.

*Lán til byggingaraðila.*

Lánveiting til byggingaraðila er háð því skilyrði að hann leggi fram ábyrgð frá viðurkenndri fjármálastofnun. Ábyrgðin verður að gilda þar til væntanlegur íbúðarkaupandi, sem Íbúðalánasjóður samþykkir, yfirtekur ÍLS-veðbréfið. Falli ábyrgð niður er heimilt að gjaldfella lánið.

#### V. KAFLI

#### **ÍLS-veðbréf.**

12. gr.

*Afgreiðsla og samþykki Íbúðalánasjóðs.*

Samþykki Íbúðalánasjóður lánveitingu útbýr hann ÍLS-veðbréf og afhendir það aðilum málsins eða umboðsmanni þeirra. Áður en til útgreiðslu láns kemur skulu aðilar undirrita bréfið og láta þinglýsa því.

13. gr.

*Skilmálar ÍLS-veðbréfa.*

ÍLS-veðbréf eru verðtryggð með vísitölu neysliverðs sem Hagstofa Íslands reiknar út og birtir með heimild í 1. gr. laga um vísitölu neysliverðs, nr. 12/1995. Stjórn Íbúðalána-

sjóðs ákvarðar vexti ÍLS-veðbréfa með hliðsjón af fjármögnunarkostnaði í reglulegum útböðum íbúðabréfa og fjármagnskostnaði vegna uppgreiddra lána að viðbættu vaxtaálagi, sbr. 3. gr.

Fyrsti vaxtadagur ÍLS-veðbréfs er fimm dögum eftir að bréfið er tilbúið til afhendingar hjá Íbúðalánasjóði. Frá og með þeim degi greiðir sjóðurinn út höfuðstól keypts ÍLS-veðbréfs án vaxta og verðbóta og að fráðregnu lántökugjaldi.

ÍLS-veðbréf skal endurgreiðast að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana, þ.e. jafngreiðslulán (annuitet), að viðbættum verðbótum samkvæmt vísitölu neysliverðs. Vextir skulu vera óbreytanlegir allan lánstímann.

Gjalddagar ÍLS-veðbréfa skulu vera annað hvort fjórir eða tólf á ári hverju og bera upp á fyrsta dag viðkomandi mánaðar. Vextir á hverjum gjalddaga skulu reiknast þannig að deilt er með fjölda gjalddaga á hverju ári í ársvextina.

Heimilt er að fjölga eða fækka árlegum gjalddögum í samræmi við 4. mgr. að ósk lántaka.

Lánstími ÍLS-veðbréfs getur verið 20, 30 eða 40 ár.

Heimilt er að stytta eða lengja lánstíma ÍLS-veðbréfs í samræmi við 6. mgr. að ósk lántaka. Slík skilmálabreyting er háð samþykki síðari veðhafa og skal henni þinglýst. Stjórn Íbúðalánasjóðs setur nánari reglur um breytingar á lánstíma.

#### 14. gr.

##### *Greiðslur lána.*

Íbúðalánasjóður innheimtir afborganir, verðbætur og vexti af ÍLS-veðbréfum og ráðstafar því fé sem þannig innheimtist til endurgreiðslu fjármögnunarbréfa sjóðsins.

Íbúðalánasjóði er heimilt að endurlána andvirði aukaafborgana af ÍLS-veðbréfum.

#### 15. gr.

##### *Aukaafborganir og uppgreiðsla ÍLS-veðbréfa.*

Skuldurum ÍLS-veðbréfa er heimilt að greiða aukaafborganir af skuldabréfum sínum eða endurgreiða skuldina að fullu fyrir gjalddaga.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ráðherra heimilt, við sérstakar aðstæður og að fenginni umsögn stjórnar Íbúðalánasjóðs, að ákveða að aukaafborganir og uppgreiðsla ÍLS-veðbréfa verði aðeins heimilar gegn greiðslu þóknunar sem jafni út að hluta eða að öllu leyti muninn á uppgreiðsluverði ÍLS-veðbréfs og markaðskjörum sambærilegs íbúðabréfs. Geta skal um þessa heimild í skilmálum ÍLS-veðbréfa en um beitingu hennar gilda ákvæði reglugerðar um áhættustýringu Íbúðalánasjóðs.

#### 16. gr.

##### *Eigendaskipti á íbúð.*

Við eigendaskipti á íbúð, sem á hvílir ÍLS-veðbréf, fasteignaveðbréf eða önnur skuldabréf í eigu Íbúðalánasjóðs, skal leita samþykkis Íbúðalánasjóðs um yfirtöku nýs eiganda á þeim lánum sem ætlað er að hvíla áfram á eigninni. Að öðrum kosti hefur sjóðurinn heimild til að gjaldfella lánið.

#### 17. gr.

##### *Tímabundin yfirtaka.*

Að uppfylltum skilyrðum 2. mgr. er tímabundin yfirtaka ÍLS-veðbréfs eða fasteignaveðbréfs heimil án undangengins greiðslumats.

Tímabundin yfirtaka verður einungis veitt þegar kaupandi eignar er að verja hagsmuni sína, með eftirfarandi hætti:



- a. Kröfuhafi kaupir fasteign eða íbúð í þeim tilgangi að verja veðkröfu sína og selja eignina strax aftur.
- b. Íbúð með áhvílandi ÍLS-veðbréf eða fasteignaveðbréf er tekin sem greiðsla upp í aðra og verðmeiri íbúð.
- c. Riftun kaupsamnings hefur átt sér stað og eigandi þarf að fá frest til að selja eignina aftur.

Tímabundin yfirtaka er veitt til 12 mánaða og skal íbúðin seld á þeim tíma. Ef ekki reynist unnt að selja íbúð á þeim tíma vegna óviðráðanlegra ástæðna er heimilt að framlengja tímabundna yfirtöku í allt að 12 mánuði til viðbótar.

## VI. KAFLI Almenn lán.

18. gr.

### *Lán til kaupa á notaðri íbúð.*

Íbúðalánasjóður kaupir ÍLS-veðbréf við eigendaskipti á íbúð sem hlotið hefur samþykki byggingaryfirvalda gegn veði í íbúðinni.

ÍLS-veðbréfi má skipta í frumbréf og viðaukabréf þegar seljandi þarf að aflétta áhvílandi veðskuldum sem kaupandi tekur ekki yfir. Við undirritun kaupsamnings er gefið út frumbréf en eitt viðaukabréf þegar seljandi hefur lokið aflýsingum. Viðaukabréf skal gefið út eigi síðar en ári frá dagsetningu kaupsamnings.

Við gerð frumbréfs skal tekið tillit til áhvílandi lána þannig að fjárhæð þess nemi mismuninum á heimilaðri lánsfjárhæð samkvæmt reglum sjóðsins og öllum uppfærðum áhvílandi lánnum sem hvíla á undan. Viðaukabréf getur numið mismuninum á heimilaðri lánsfjárhæð og fjárhæð frumbréfsins á kaupsamningsdegi, að teknu tilliti til uppfærðra framar áhvílandi lána, og skal höfuðstóll þess ekki uppfærður til útgáfudags þess.

19. gr.

### *Lán til nýbyggingar.*

Íbúðalánasjóður kaupir ÍLS-veðbréf vegna nýrrar íbúðar, sem gefið er út í tengslum við byggingu hennar eða kaup, gegn veði í íbúðinni.

ÍLS-veðbréfi má skipta í frumbréf og viðaukabréf. Frumbréf má gefa út þegar byggingarkostnaður liggur fyrir við fokheldi en eitt eða fleiri viðaukabréf þegar brunabótamat er gefið út.

Við gerð ÍLS-veðbréfs skal tekið tillit til áhvílandi lána þannig að fjárhæð þess nemi mismuninum á heimilaðri lánsfjárhæð og öllum uppfærðum framar áhvílandi lánnum. Fjárhæð frumbréfs getur numið allt að 90% af byggingarkostnaði fokheldrar íbúðar, sbr. þó 20. gr. Beiðni um útgáfu frumbréfs skal fylgja vottorð um smíðatryggingu og ljósrit af kaupsamningi þegar hann er fyrir hendi. ÍLS-veðbréf samkvæmt þessari grein skal gefið út eigi síðar en einu ári frá útgáfu brunabótamats og eigi síðar en fimm árum frá dagsetningu fokheldisvottorðs. Beiðni um útgáfu viðaukabréfs skal fylgja nýtt brunabótamatsvottorð og ljósrit af þinglýstum kaupsamningi ef um íbúðarkaup er að ræða.

20. gr.

### *Hámarkslánshlutfall og fjárhæðir ÍLS-veðbréfa.*

Fjárhæð ÍLS-veðbréfs, ásamt öllum uppfærðum lánnum sem á undan hvíla, skal rúmast innan hámarkslánshlutfalls af matsverði og brunabótamati íbúðarinnar, sbr. 30. gr.

Um hámarkslánshlutfall og hámarksfjárhæð vegna kaupa á notaðri íbúð og nýbyggingar fer eftir reglugerð um lánshlutfall og fjárhæðir ÍLS-veðbréfa.

## 21. gr.

*Fjöldi íbúða.*

Lánafyrirgreiðsla Íbúðalánasjóðs til íbúðarkaupenda og húsbyggjenda takmarkast við að sami aðili geti ekki á sama tíma átt fleiri en tvær íbúðir sem á hvíla lán frá sjóðnum.

Í undantekningartilvikum getur Íbúðalánasjóður þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. veitt lán út á þriðju íbúð enda sé um að ræða sérstakar aðstæður lántaka. Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um skilyrði þessarar undanþágu.

## 22. gr.

*Lán til kaupa á hluta úr íbúð.*

Íbúðalánasjóður getur veitt lán til kaupa á hluta úr íbúð ef íbúðin er fyrir í sameign. Um hámarkslánshlutfall og hámarksfjárhæð vegna kaupa samkvæmt þessari grein fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar um lánshlutfall og fjárhæðir ÍLS-veðbréfa. Lánveiting samkvæmt þessari grein getur ekki numið hærri fjárhæð en sem nemur kaupverði eignarhlutans, að teknu tilliti til framar áhvílandi lána og reglna um matsverð íbúðar, sbr. 30. gr.

Hjón eða sambúðarfólk, sem keypt hafa íbúð saman, fá ekki fyrirgreiðslu Íbúðalánasjóðs til kaupa sín í milli á eignarhluta íbúðar nema við hjúskapar- eða sambúðarslit.

Íbúðalánasjóður getur heimilað yfirtöku eldri lána við hlutakaup þótt íbúð hafi ekki verið fyrir í sameign.

## 23. gr.

*Lán til endurkaupa.*

Íbúðalánasjóður veitir ekki fyrirgreiðslu vegna endurkaupa á íbúð, hvorki yfirtöku á skuld samkvæmt ÍLS-veðbréfi eða fasteignaveðbréfi né nýtt lán, nema liðin séu a.m.k. þrjú ár frá því að afsali vegna fyrri sölunnar var þinglýst og núverandi kaupandi hafi ekki nýtt íbúðina í millitíðinni samkvæmt íbúðavottorði.

Upphaflegum lántaka er þó heimil fyrirgreiðsla við endurkaup á íbúð sem hann hefur afsalað ef hann hefur í millitíðinni fengið afsal fyrir annarri íbúð frá þriðja aðila.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er Íbúðalánasjóði heimilt að veita aðila fyrirgreiðslu til að kaupa aftur eign sem hann hefur misst á nauðungarsölu.

## 24. gr.

*Málamyndagerningar.*

Íbúðalánasjóður getur synjað um lánveitingu ef sýnt þykir að um málamyndagerning sé að ræða.

## VII. KAFLI

**Útgáfa ÍLS-veðbréfa vegna viðauka og til endurbóta.**

## 25. gr.

*Endurbætur og viðaukar.*

Íbúðalánasjóður kaupir ÍLS-veðbréf sem gefið er út vegna viðauka við íbúð hvort sem um er að ræða nýbyggingu við íbúð, hluta af húsi sem keyptur er og bætt við íbúð eða bílskúr sem keyptur er eða byggður. Viðaukinn skal falla undir skráningu íbúðarinnar í fasteigna- og brunabótamati og samkvæmt veðmálalóðum.

Íbúðalánasjóður samþykkir lánveitingu vegna endurbóta á íbúðarhúsnæði, þar sem a.m.k. 15 ár eru liðin frá fokhaldi eignarinnar, og til orkusparandi breytinga á íbúðarhúsnæði.

## 26. gr.

*Skilyrði afgreiðslu.*

ÍLS-veðbréf verður ekki afgreitt fyrir en framkvæmdum skv. 25. gr. er lokið og eigi síðar en sex mánuðir eru liðnir frá lokum þeirra.

Íbúðareigandi skal leggja fram staðfestingu frá byggingarfulltrúa eða arkitekta-, tækni-fræði- eða verkfræðistofu um umfang og kostnað framkvæmda, eðli þeirra og verklok eða kaupsamning ef um kaup er að ræða.

Íbúðalánasjóður getur kallað eftir frekari staðfestingu skv. 2. mgr. eða falið sérstökum trúnaðarmönnum að meta markaðsverð íbúðarinnar eftir breytingar eða viðauka og byggt á því mati.

## 27. gr.

*Synjun láns.*

Íbúðalánasjóður synjar umsækjanda um lánveitingu samkvæmt þessum kafla ef umsækjandi hefur ekki lagt fram tilskilin gögn, þrátt fyrir leiðbeiningar, eða ef framkvæmd er án tilskilinna leyfa samkvæmt skipulags- og byggingarlögum og reglugerðum eða öðrum lögum. Sama gildir ef framkvæmd fellur ekki að öðru leyti að heimildum og skilyrðum þessa kafla eða vafi er um að veðtrygging samkvæmt þinglýstu ÍLS-veðbréfi taki til framkvæmdanna.

## 28. gr.

*Hámarkslánshlutfall og fjárhæðir.*

Fjárhæð ÍLS-veðbréfs samkvæmt þessum kafla skal ásamt öllum uppfærðum framar áhvílandi lánum rúmast innan hámarkslánshlutfalls af matsverði og brunabótamati íbúðar, sbr. 3. og 4. tölul. 1. mgr. 30. gr.

Um hámarkslánshlutfall og fjárhæðir lána fer eftir reglugerð um lánshlutfall og fjárhæðir ÍLS-veðbréfa.

## VIII. KAFLI

**Veðhæfni íbúðar.**

## 29. gr.

*Mat á veðhæfni.*

Til að unnt sé að leggja mat á veðhæfni íbúðar skal umsækjandi leggja fram nauðsynleg gögn samkvæmt reglum Íbúðalánasjóðs.

## 30. gr.

*Matsverð.*

Eftirfarandi reglur gilda um matsverð íbúða við afgreiðslu ÍLS-veðbréfa:

1. Matsverð notaðrar íbúðar er kaupverð hennar.
2. Matsverð nýrrar íbúðar er byggingarkostnaður hennar eða kaupverð.
3. Matsverð viðauka við íbúð er kaupverð eða byggingarkostnaður.
4. Matsverð endurbóta er staðfestur framkvæmdakostnaður.

Sá hluti af matsverði sem lánað er til, sbr. VI. og VII. kafla, skal ásamt uppfærðum framar áhvílandi lánum rúmast innan áttatíu og fimm hundraðshluta af brunabótamatsverði íbúðar.

Íbúðalánasjóði er heimilt að synja um lánveitingu ef:

- a. matsverð íbúðar er meira en fimmtíu hundraðshlutum hærra en fasteignamat,
- b. kaupverð telst vera í verulegu ósamræmi við markaðsverð, eða
- c. hluti kaupverðs íbúðar er framlag seljanda til kaupanda.

Í þeim tilvikum sem um getur í a–lið 3. mgr. getur Íbúðalánasjóður þó falið sérstökum trúnaðarmönnum að meta markaðsverð íbúðar og byggt á því mati.

31. gr.

*Veðröð.*

Íbúðalánasjóður heimilar ekki nýja veðsetningu á undan ÍLS-veðbréfi eða fasteigna-veðbréfi nema getið sé um slíka veðsetningu í veðbréfinu.

32. gr.

*Veðlánaflutningar.*

Íbúðalánasjóður getur heimilað veðlánaflutning ÍLS-veðbréfs við eigendaskipti að íbúð sem lántaki er að selja yfir á íbúð sem hann er að kaupa eða byggja. Skilyrði fyrir veðlánaflutningi er að veðstaða lánsins eftir veðlánaflutning uppfylli reglur sjóðsins um lánveitingar. Heimildin tekur einnig til fasteignaveðbréfa Íbúðalánasjóðs og lána sem veitt voru úr Byggingarsjóði ríkisins.

## IX. KAFLI

### Fasteignaveðbréf og húsbref.

33. gr.

*Fasteignaveðbréf og húsbref.*

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til fasteignaveðbréfa sem skiptanleg voru fyrir húsbref og húsbref eftir því sem við á.

34. gr.

*Aukaafborganir og uppgreiðsla fasteignaveðbréfa.*

Skuldurum fasteignaveðbréfa er heimilt að greiða aukaafborganir af skuldabréfum sínum eða endurgreiða skuldina að fullu fyrir gjalddaga.

35. gr.

*Greiðslur fasteignaveðbréfa.*

Íbúðalánasjóður innheimtir afborganir, vexti og verðbætur af fasteignaveðbréfum, sem skipt hefur verið fyrir húsbref, og ráðstafar því fé til endurgreiðslu húsbrefa að undan-gengnum útdrætti Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands sem sýslumaður hefur eftirlit með. Vegna rafrænt skráðra húsbrefa skal endurgreiðslan vera hlutfallslega jöfn innan viðkomandi flokks.

Íbúðalánasjóður innleysir og endurgreiðir húsbref í hlutaðeigandi húsbrefaflokki að fullu eftir útdrætti á föstum gjalddögum sem ákveðnir eru í sérstakri reglugerð fyrir hvern flokk fyrir sig. Í hverjum útdrætti skal draga út húsbref fyrir þá fjárhæð sem svarar næst til endurgreiðslu jafngreiðsluláns með þeim vöxtum sem um flokkinn gilda, lánstíma sem eftir er og eftirstöðvum.

Íbúðalánasjóði er heimilt að endurlána andvirði aukaafborgana af fasteignaveðbréfum.

Íbúðalánasjóði er heimilt að endurgreiða andvirði aukaafborgana fasteignaveðbréfa með aukaútdrætti í þeim húsbrefaflokkum sem sjóðurinn ákveður hverju sinni.

36. gr.

*Gjaldfallnar endurgreiðslur húsbrefa og húsnæðisbréfa.*

Endurgreiðslur höfuðstóls, vaxta og verðbóta af húsbrefum og húsnæðisbréfum, sem fallnar eru í gjalddaga, fynast sé þeirra ekki vitjað innan tíu ára frá gjalddaga. Endurgreiðslur húsbrefa og húsnæðisbréfa bera ekki vexti eða verðbætur eftir gjalddaga.

## 37. gr.

*Reiknað verð húsbréfa.*

Reiknað verð húsbréfs er nafnverð þess auk vaxta, vaxtavaxta og verðbóta samkvæmt eftirfarandi reiknijöfnu:

$$V = N * L2 / L1 * (1 + v / 100)^{da/360} * (1 + P / 100)^{db/30}$$

þar sem

V er reiknað verð húsbréfs á reiknidegi. Reiknidagur getur verið fyrsti vaxtadagur fasteignaveðbréfs, sbr. 4. gr., eða gjalddagi húsbréfs, sbr. 35. gr.

N er nafnverð húsbréfs.

L1 er grunnvísitala húsbréfs, þ.e. vísitala neysluverðs eða lánskjaravísitala á útgáfudegi húsbréfs.

L2 er vísitala neysluverðs eða lánskjaravísitala á reiknidegi. L2 getur verið grunnvísitala fasteignaveðbréfs, sbr. 4. gr., eða lánskjaravísitala á gjalddaga húsbréfs, sbr. 35. gr.

v er nafnvextir húsbréfs í prósentum á ári.

da er dagafjöldi frá og með útgáfudegi húsbréfs til reiknidags. Reiknað er með 30 dögum í mánuði og 360 dögum á ári.

p er verðbólguforsenda á mánuði í þeim mánuði sem skipti á fasteignaveðbréfi og húsbréfum fara fram samkvæmt upplýsingum Verðbréfaþings Íslands.

db er dagafjöldi innan mánaðar milli útgáfudags húsbréfs og fyrsta vaxtadags fasteignaveðbréfs, þ.e. fyrsti vaxtadagur fasteignaveðbréfs að frádregnum útgáfudegi húsbréfs. db er 0 sé um að ræða reiknað verð húsbréfs á gjalddaga, sbr. 35. gr.

## X. KAFLI

**Ýmis ákvæði.**

## 38. gr.

*Meðferð ágreiningsmála.*

Telji einhver á rétt sinn hallað af hálfu Íbúðalánasjóðs eða stjórnar Íbúðalánasjóðs við framkvæmd reglugerðar þessarar eða VI. kafla laga um húsnæðismál getur hann skotið viðkomandi ákvörðun eða afgreiðslu til kærufndar húsnæðismála. Ekki er skilyrði málskots að stjórn Íbúðalánasjóðs hafi áður fjallað um ákvörðun eða afgreiðslu sjóðsins.

## 39. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 19. gr., 21. gr. og 29. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júlí 2004. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um húsbréf og húsbréfavíðskipti, nr. 157/2001, með síðari breytingum.

*Félagsmálaráðuneytinu, 5. júní 2004.*

**Árni Magnússon.**

*Guðjón Bragason.*

## REGLUGERÐ

### um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og beingreiðslur til bænda verðlagsárið 2004-2005.

#### 1. gr.

##### *Heildargreiðslumark og greiðslumark lögbýla.*

Heildargreiðslumark til framleiðslu mjólkur verðlagsárið 2004-2005 skal vera 106 milljónir lítra og skiptist í greiðslumark lögbýla. Greiðslumark lögbýla reiknast í lítrum mjólkur og skiptist hlutfallslega milli lögbýla á sama hátt og greiðslumark til framleiðslu mjólkur á verðlagsárinu 2003-2004.

#### 2. gr.

##### *Aðilaskipti að greiðslumarki.*

Heimil eru aðilaskipti að greiðslumarki á milli lögbýla. Sé ábúandi lögbýlis annar en eigandi/eigendur þess þarf samþykki beggja/allra fyrir ráðstöfun greiðslumarks frá lögbýli. Leiguliða er heimilt að kaupa greiðslumark á lögbýli og skal það sérstaklega skráð á nafn hans. Leiguliða er heimilt að selja sérskráð greiðslumark án samþykkis jarðareiganda. Þó skal jarðareigandi eiga forkaupsrétt við ábúðarlök leiguliða á því markaðsverði sem síðast liggur fyrir samkvæmt könnun sem Bændasamtök Íslands annast. Tilkynna skal um aðilaskipti að greiðslumarki til Bændasamtaka Íslands á þar til gerðum eyðublöðum sem Bændasamtök Íslands láta í té og liggja frammi á skrifstofum búnaðarsambanda. Tilkynningu um aðilaskipti skal fylgja undirritaður samningur þar um, þar sem m.a. skal koma fram nöfn samningsaðila, kennitala, heimili og lögbýlisnúmer, dagsetning samnings og gildistaka, kaupverð, verð á lítra mjólkur og heildarmagn, undirskrift kaupenda og seljenda ásamt staðfestingu vitundarvotta. Einnig skal fylgja staðfesting um eignarhald að lögbýlinu. Þá skal seljandi leggja fram þinglýsingarvottorð fyrir það lögbýli sem greiðslumark er selt frá og skriflegt samþykki allra veðhafa fyrir sölunni.

Tilkynningar um aðilaskipti að greiðslumarki, fyrir verðlagsárið 2004-2005, ásamt fylgigögnum skulu hafa borist Bændasamtökum Íslands í síðasta lagi fyrir 20. júní 2005 til að þau taki gildi á verðlagsárinu. Aðilaskiptin taka fyrst gildi þegar staðfesting Bændasamtaka Íslands liggur fyrir.

Bændasamtökum Íslands er heimilt að birta yfirlit yfir viðskipti með greiðslumark og verð á því. Upplýsingar sem þannig eru birtar skal ekki vera hægt að rekja til einstakra aðila.

#### 3. gr.

##### *Nýting greiðslumarks.*

Afurðastöð skal greiða framleiðanda lágmarksverð fyrir mjólk sem miðast við 1. flokks mjólk með skilgreindu efnainnihaldi. Fyrir aðra mjólk sem ekki stenst kröfur sem 1. flokks mjólk greiðir afurðastöð verð allt niður að leyfilegum afföllum frá verði 1. flokks mjólkur.

Greiðslutilhögun vegna framleiðslu umfram greiðslumark skal vera með eftirfarandi hætti:

- Fyrstu 4% sem framleiðandi framleiðir umfram greiðslumark sitt hafa forgang að greiðslumark frá afurðastöð sé ónotað greiðslumark þá fyrir hendi á viðkomandi mjólkursamlagssvæði.
- Verði enn ónotað greiðslumark á samlagssvæði gengur það til annarra samlagssvæða til nýtingar allt að 104% greiðslumarks.
- Verði enn ónotað greiðslumark, greiðist hlutfallslega á það sem er umfram 104% greiðslumarks á landinu öllu, enda liggja fyrir heimild framkvæmdanefndar búvörusamninga, sbr. 3. mgr.

Framleiðsla, umfram það magn sem unnt er að greiða fyrir samkvæmt stafliðum a-c að

ofan skal markaðsfærð erlendis, þó getur framkvæmdanefnd búvörusamninga heimilað sölu hennar innanlands ef gengið hefur á birgðir þannig að fyrirsjáanlegur sé skortur á mjólk.

## 4. gr.

*Brottfall og geymsla greiðslumarks.*

Greiðslumark lögbýla sem ekki hefur verið nýtt til framleiðslu að neinu leyti í full tvö verðlagsár fellur niður, enda hafi Bændasamtök Íslands tilkynnt eiganda lögbýlis um rétt til sölu eða geymslu greiðslumarksins. Heimilt er framleiðanda að leggja greiðslumark lögbýlisins inn til geymslu lengst til 1. september 2005 og sætir það þá ekki sömu breytingum og annað greiðslumark.

## 5. gr.

*Beingreiðslur.*

Beingreiðsla er framlag úr ríkissjóði til framleiðanda mjólkur og skal svara til 47,1% af lágmarksverði mjólkur samkvæmt verðlagsgrundvelli á innleggsdegi. Dreifing beingreiðslna og fráviksmörk skulu vera með eftirfarandi hætti:

- a) 53,5% beingreiðslna skal greiða óháð framleiðslu, að því tilskildu að framleiðsla lögbýlisins sé a.m.k. 90% greiðslumarks á tímabilinu. Greiða skal 1. hvers mánaðar, 1/12 hluta, í fyrsta sinn 1. september 2004.
- b) 31,5% beingreiðslna skal greiða eftir framleiðslu allt að greiðslumarki hvers framleiðanda. Greiða skal 1. hvers mánaðar fyrir innlegg næstsíðasta mánaðar, í fyrsta sinn 1. nóvember 2004.
- c) 15% beingreiðslna skal ráðstafað með eftirfarandi hætti: Greiða skal 16/30 hluta fjárhæðarinnar á innvegið magn mjólkur í mánuðunum nóvember til og með febrúar. Finna skal meðalgreiðslu fyrir hvern dag í þessum mánuðum að teknu tilliti til breytinga á lágmarksverði mjólkur og þeirri fjárhæð sem þannig er fundin skal deilt á innvegið magn mjólkur í hverjum mánuði fyrir sig. Greiða skal 1. hvers mánaðar fyrir innlegg næstsíðasta mánaðar. Á sama hátt skal greiða 4/30 hluta fyrir innvegna mjólk í september, 2/30 hluta fyrir innvegna mjólk í október, 3/30 hluta fyrir innvegna mjólk í júlí og 5/30 hluta fyrir innvegna mjólk í ágúst.

Að því marki sem beingreiðslur ganga ekki út eftir uppgjör innan greiðslumarks skal greitt samkvæmt staflíðum A og B hlutfallslega út á framleiðslu umfram greiðslumark hvers lögbýlis þó þannig að fyrstu 4% njóti forgangs, sbr. greiðslur afurðastöðva skv. 3. gr.

Framleiðendur geta einungis öðlast rétt til beingreiðslna fyrir mjólk sem framleidd er á því lögbýli sem greiðslumark fylgir innan verðlagsárs.

## 6. gr.

*Handhafar beingreiðslna.*

Beingreiðslur greiðast ábúanda á lögbýli. Á hverju lögbýli skal aðeins einn framleiðandi vera skráður handhafi. Þó er heimilt, þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða sem standa að búinu, að skrá þá sérstaklega. Sjálfstæður rekstraraðili telst sá einn sem hefur sjálfstætt virðisaukaskattsuppgjör. Tilkynna skal Bændasamtökum Íslands allar breytingar á því hver eigi að vera handhafi beingreiðslna. Séu handhafar tveir eða fleiri, skal gefa upp hlutfallslega skiptingu beingreiðslna. Jafnframt skulu handhafar beingreiðslna tilgreina sérstakan reikning í bönkum eða öðrum viðskiptastofnunum, sem greiðslur skulu lagðar inn á.

## 7. gr.

*Uppgjör beingreiðslna.*

Sjái handhafi beingreiðslna fram á að nýting greiðslumarks gefi ekki rétt til 90% af bein-

greiðslum verðlagsársins, ber honum að tilkynna það Bændasamtökum Íslands, sem þá skulu haga beingreiðslum í samræmi við áætlaða nýtingu. Komi samt fram við lok verðlagsárs, að ofgreitt hafi verið, ber handhafa beingreiðslna að endurgreiða mismuninn samkvæmt reikningi.

## 8. gr.

*Útreikningur á greiðslumarki lögbýla.*

Bændasamtök Íslands reikna út greiðslumark til framleiðslu mjólkur og halda skrá yfir greiðslumark lögbýla og handhafa réttar til beingreiðslna og láta afurðastöðvum og búnaðarsamböndum í té eintak af henni fyrir starfssvæði þeirra. Bændasamtök Íslands afla upplýsinga og annast útreikninga vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar og hafa eftirlit með uppgjöri afurðastöðva við framleiðendur. Afurðastöðvum og framleiðendum er skylt að láta Bændasamtökum Íslands í té allar þær upplýsingar sem að gagni geta komið við störf Bændasamtakanna og þær geta veitt.

## 9. gr.

*Tilkynningar um greiðslumark lögbýla.*

Bændasamtök Íslands skulu tilkynna framleiðendum um greiðslumark lögbýla. Framleiðendur eiga þess kost að gera athugasemdir við það og skulu þær berast Bændasamtökum Íslands innan 20 daga frá dagsetningu tilkynningar um greiðslumark, ella gildir það fyrir verðlagsárið. Bændasamtök Íslands endurskoða útreikninga, sem athugasemdir eru gerðar við og tilkynna framleiðanda niðurstöðu sína. Berist Bændasamtökum Íslands ekki athugasemdir við þá niðurstöðu innan 25 daga frá dagsetningu úrskurðarins, gildir hann fyrir hlutaðeigandi verðlagsár. Uni viðkomandi framleiðandi ekki þeirri niðurstöðu, hefur hann rétt til að skjóta ágreiningnum með rökstuddri kæru til úrskurðarnefndar, sbr. 10. gr.

## 10. gr.

*Úrskurðarnefnd.*

Ágreiningi um ákvörðun á greiðslumarki lögbýlis, skráningu á greiðslumarki og rétt til beinna greiðslna, er heimilt að skjóta til úrskurðarnefndar, sem starfar samkvæmt lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Úrskurði nefndarinnar, sem liggja skal fyrir innan 45 daga frá því erindi berst henni, verður ekki skotið til ráðherra.

## 11. gr.

*Viðurlög og gildistaka.*

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 82. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, gildir fyrir verðlagsárið 2004-2005 og öðlast gildi frá og með 1. september 2004. Jafnframt er felld úr gildi frá sama tíma reglugerð nr. 441/2003 um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og beingreiðslur til bænda verðlagsárið 2003-2004.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 16. júní 2004.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.*



# STJÓRNARTÍÐINDI B 77 – 2004

Nr. 524

1310

15. júní 2004

## REGLUGERÐ

### um leyfilegan heildarafla á fiskveiðiarinu 2004/2005.

1. gr.

Fyrir fiskveiðiárið 1. september 2004 til 31. ágúst 2005 er leyfilegur heildaraflí sem hér segir:

Tegund	Lestir
Porskur	205.000
Karfi	57.000
Ýsa	90.000
Ufsi	70.000
Grálúða	15.000
Steinbítur	13.000
Skrápflúra	5.000
Skarkoli	5.000
Sandkoli	5.000
Keila	3.500
Langa	4.000
Þykkvalúra	1.600
Skötuselur	2.000
Langlúra	2.000
Íslensk sumargotssíld	110.000
Úthafsækja	20.000
Humar	1.500
Rækja Arnarfjörður	500

Ákvörðun um leyfilegan heildarafla fyrir rækju verður endurskoðuð að lokinni úttekt Hafrannsóknastofnunarinnar á rækjustofnunum. Ákvörðun um heildarafla í karfa getur komið til endurskoðunar í október 2004 að lokinni úttekt í stofngerð karfa.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 3. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 15. júní 2004.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Vilhjálmur Egilsson.*

Gutenberg

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum samkvæmt viðaukum III B og IV B við tollalög nr. 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0701.9001	Bökunarkartöflur, 65 mm eða stærri	22.06.-30.09.04	ótilgr.	0	0
0701.9009	Annars (kartöflur)	22.06.-01.08.04	ótilgr.	0	0
0701.9009	Annars (kartöflur)	02.08.-30.09.04	ótilgr.	0	60
0703.9001	Bláðlaukur	01.07.-30.09.04	ótilgr.	0	0
0704.1000	Blómkál	01.07.-04.07.04	ótilgr.	0	0
0704.1000	Blómkál	05.07.-11.07.04	ótilgr.	0	88
0704.1000	Blómkál	12.07.-18.07.04	ótilgr.	0	132
0704.1000	Blómkál	19.07.-30.09.04	ótilgr.	0	176
0704.9001	Hvítkál	01.07.-18.07.04	ótilgr.	0	0
0704.9001	Hvítkál	19.07.-25.07.04	ótilgr.	0	40
0704.9001	Hvítkál	26.07.-30.09.04	ótilgr.	0	79
0704.9002	Rauðkál	01.07.-30.09.04	ótilgr.	0	0
0704.9003	Kínakál	28.06.-30.09.04	ótilgr.	0	206
0704.9004	Spergilkál	01.07.-11.07.04	ótilgr.	0	0
0704.9004	Spergilkál	12.07.-18.07.04	ótilgr.	0	141
0704.9004	Spergilkál	19.07.-25.07.04	ótilgr.	0	197
0704.9004	Spergilkál	26.07.-30.09.04	ótilgr.	0	282
0706.1000	Gulrætur og næpur	01.07.-25.07.04	ótilgr.	0	0
0706.1000	Gulrætur og næpur	26.07.-01.08.04	ótilgr.	0	68
0706.1000	Gulrætur og næpur	02.08.-30.09.04	ótilgr.	0	136
0706.9001	Gulrófur	01.07.-30.09.04	ótilgr.	0	0
0706.9002	Rauðrófur	01.07.-30.09.04	ótilgr.	0	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	01.07.-25.07.04	ótilgr.	0	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	26.07.-01.08.04	ótilgr.	0	83
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	02.08.-08.08.04	ótilgr.	0	138
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	09.08.-30.09.04	ótilgr.	0	193
0709.5100	Sveppir	01.07.-30.09.04	ótilgr.	0	80

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgða-tollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

#### 3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til og með 30. september 2004.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 21. júní 2004.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

---

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.*

## LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Mýrdalshrepp.

### I. KAFLI

**Um reglu, hreinlæti og góða umgengnishætti á almannafæri.**

1. gr.

*Skilgreiningar.*

Með hugtakinu almannafæri er í samþykkt þessari átt við vegi, svæði og staði sem almenningur fer um eða ætlaðir eru til almenningsnota, utan húss eða innan svo sem verslanir, samkomustaðir og aðrir þjónustustaðir.

Með þéttbýli er í samþykkt þessari átt við þyrpingu húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 m.

2. gr.

*Um reglu og næði.*

Bannað er að valda ónæði sem raskar næturro manna. Enginn má sýna öðrum áreitni á almannafæri eða sýna þar af sér ósæmilega háttsemi. Uppþot, áflog eða önnur háttsemi, sem raskar allsherjarreglu, mega ekki eiga sér stað á almannafæri og ekki mega menn þyrpast þar saman eða viðhafa háttsemi sem truflar umferð eða veldur öðrum vegfarendum óþægindum.

Lögreglustjóri getur bannað notkun hátalara, hljómflutningstækja, hljóðfæra eða annars þess háttar, á eða við almannafæri, ef ástæða er til að ætla að slík tæki geti valdið ónæði eða truflun.

3. gr.

*Hlýðnisskylda almennings við lögreglu.*

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur til að segja til nafns síns og heimilis þegar lögreglan krefst þess. Almenningi er skylt að hlýða fyrir mælum sem lögreglan gefur.

4. gr.

*Um biðraðir.*

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri og biður þar eftir afgreiðslu eða aðgangi svo sem við miðasölur, skemmtistaði, verslanir, biðstöðvar almenningsvagna og aðra afgreiðslustaði, skal fólk raða sér þannig að þeir, sem fyrstir koma, fái fyrst afgreiðslu.

5. gr.

*Góðir umgengnishættir og hreinlæti á almannafæri.*

Öllum ber að gæta þess að ganga vel um og gæta fyllsta hreinlætis á almannafæri. Enginn má þar skemma né færa úr stað hluti, sem ætlaðir eru til almenningsnota eða prýði. Þetta á einnig við þann hluta af húsum og öðrum mannvirkjum, sem liggja að almannafæri.

Þess skal gætt að troða ekki ræktaða bletti, grasreiti, blómabeð og limgerði á almanna-  
færi og bannað er að slíta þar upp gróður.

Bannað er að fleygja rusli nema í þar til gerð ílát.

6. gr.

*Um auglýsingar og skilti.*

Á hús og önnur mannvirki sem liggja að almannaferi sem og hluti á almannaferi má ekki mála eða teikna og ekki festa auglýsingar, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns.

Auglýsingar á fjölfölduðum veggspjöldum má einungis festa á skiltastanda eða þar til gerða auglýsingafleti sem leyfi er fyrir. Slíkar auglýsingar skal fjarlægja þegar þær hafa þjónað tilgangi sínum og er þeim sem setti þær upp skylt að bæta úr spjöllum sem uppsetning eða brottnám auglýsinga kann að hafa valdið, sbr. 39. gr. samþykktar þessarar.

Leyfi skipulags- og byggingarnefndar þarf til að setja upp föst auglýsingaskilti eða aðrar varanlegar auglýsingar sem eru stærri en 1,0 m<sup>2</sup>. Staðsetning og útlit skilta má ekki fara í bága við umferðaröryggi og fullt tillit skal tekið til nábylis- eða grenndarréttar.

Umhverfisráðuneytið setur á grundvelli náttúruverndarlaga nánari reglur um skilti utan þéttbýlis.

7. gr.

*Friðhelgi heimila og annarra hýbýla.*

Enginn má án leyfis húsráðanda láta fyrir berast á eða í húsi hans, á lóðum eða á girðingum, sama á við um þessa staði og aðra sambærilega ef lögregla bannar það, enda verði það talið geta valdið óþægindum eða hættu.

Ekki má fara í hýbýli manna í söluerindum, ef húsráðandi leggur við því bann.

8. gr.

*Um hollustuhætti og mengunarvarnir.*

Í samræmi við ákvæði reglugerðar um hollustuhætti, nr. 941/2002 með síðari breytingum, sbr. 4. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, er bannað að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma hluti, búnað eða tæki á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýti á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærrí sem stærri hluti svo sem kerrur, bíla, bílhúta, báta, skipsskrokka o.fl.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta fjarlægja lausamuni, númerslausar bifreiðar, bílflök og sambærilega hluti á almannaferi að undangenginni aðvörun, svo sem með álímingarmiða með aðvörunarorðum.

9. gr.

*Um gengnisreglur.*

Sveitarstjórn getur sett umgengnisreglur um skemmtigarða, kirkjugarða, leikvelli, lystigarða og önnur opinber svæði, enda séu reglurnar festar upp við innganginn eða á öðrum áberandi stað.

10. gr.

*Dýravernd og veiðar.*

Óheimilt er að áreita dýr eða raska friði þeirra, svo hættu eða ónæði geti valdið. Ákvæði þetta á ekki við um meindýr, varg o.fl. er sérákvæði gilda um. Þá má enginn skaða eða trufla dýralíf á friðlandinu Dyrhólaey ef frá eru taldar hefðbundnar nytjar nytjaréttthafa, sbr. auglýsingu nr. 101/1979 um friðlýsingu Dyrhólaeyjar.

Skotveiðimenn skulu í hvívetna gæta fyllstu varúðar við veiðar. Óheimilt er að stunda

skotveiðar í eða við þéttbýli. Stunda má eggjatöku og veiðar á fýl og lunda, í samræmi við hefð, enda sé fyllsta öryggis gætt.

Að öðru leyti vísast til ákvæða laga um dýravernd, nú lög nr. 15/1994 og laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nú lög nr. 64/1994.

#### 11. gr.

##### *Búfjárhald og lausaganga húsdýra.*

Um búfjárhald fer eftir samþykktum sveitarfélagsins um það efni, sbr. samþykkt um búfjárhald í Mýrdalshreppi nr. 406/2004. Sveitarstjórn getur með heimild í lögum nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl. lagt þá kvöð á eigendur búfjár að þeir hafi fé sitt í öruggum vörslum.

Um hundahald og lausagöngu hunda fer eftir samþykkt um hundahald í Mýrdalshreppi, nú nr. 319/2000.

## II. KAFLI

### **Almennar reglur um öryggi á almannafæri, skyldur húsráðenda o.fl.**

#### 12. gr.

##### *Skyldur húsráðenda.*

Meðferð vatns, s.s. við þrif og gluggaþvott, er óheimil nema í frostlausu veðri, ef þrifin valda rennsli á gangstétt eða götu eða geta valdið truflun á umferð á annan hátt. Haga skal þrifunum þannig að sem minnst ónæði stafi af þeim fyrir vegfarendur.

Í götubrunna og göturæsi má ekki hella mengandi efnum s.s. olíum, spilliefnum o.s.frv.

Húseigandi eða umráðamaður skal halda gangstígum, stéttum og tröppum á lóð sinni hreinum af snjó og klaka svo sem kostur er, svo og fjarlægja af húsi sínu snjó og grýlukerti, sem fallið geta niður og valdið hættu fyrir vegfarendur.

Húseigendum er skylt að hlíta fyrirmælum sveitarstjórnar um frágang girðinga o.þ.h. sem liggja að almannafæri. Einnig skal húsráðendum skylt að snyrta allan gróður, þ.m.t. trjágróður, sem liggur að almannafæri og hamlar umferð vegfarenda eða tálmar útsýni við gatnamót. Gróður, s.s. tré, runnar o.s.frv., skulu ekki skaga út í eða út yfir gangstéttar, gangstíga eða götur, þó er heimilt að þau skagi út yfir, ef hæð þeirra er a.m.k. 2,8 m yfir gangstétt eða gangstíg, en 4,0 m yfir götu. Nánari reglur um skerðingu gróðurs skulu settar af skipulags- og byggingarnefnd Mýrdalshrepps og kynntar með tryggilegum hætti.

Hlíti húseigandi eða lóðarhafi ekki fyrirmælum sveitarstjórnar um frágang samkvæmt þessari grein er heimilt að láta vinna verkið á hans kostnað enda sé honum tilkynnt um það með hæfilegum fyrirvara, sbr. 39. gr. samþykktar þessarar.

Húseiganda eða umráðamanni húseignar er skylt að sjá til þess að hreinsa upp allt rusl sem frá þeim berst og annað er veldur óþrifnaði og óþrýði við hús þeirra, lóðir, aðliggjandi götur eða torg.

#### 13. gr.

##### *Um skipulagðar hópögungur og útifundi.*

Tilkynna skal lögreglustjóra um skipulagðar hópögungur og útifundi. Þátttakendur skulu hlýða fyrirmælum lögreglu svo gæta megi góðrar reglu og umferðaröryggis.

#### 14. gr.

##### *Um meðferð elds og skotvopna.*

Á almannafæri má ekki ganga með logandi blys, kveikja í bálköstum, kveikja í eldfimum efnum eða sprengiefnum, nema með leyfi lögreglustjóra. Einnig skal leita leyfis lögreglustjóra til að halda flugeldasýningar.

Vopnaburður á almannafæri er bannaður, sbr. 21. og 30. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

Heimilt er þó að bera á sér bitvopn þar sem eðlilegt og sjálfsagt getur talist, svo sem við vinnu eða veiðar eða í öðrum tilvikum þegar engin hættu er því samfara.

Skotfélögum eða öðrum aðilum er óheimilt að efna til skotkeppni eða skotæfinga nema á svæði, sem hlotið hefur viðurkenningu lögreglustjóra.

15. gr.

*Um umgengni við ísilögð vötn.*

Ef ís á vötnum eða tjörnum er ótryggur, getur lögreglustjóri bannað að farið sé út á ísinn.

16. gr.

*Um jarðrask og aðrar framkvæmdir.*

Ekki má gera jarðrask, s.s. skurði í gangstéttir, götur eða torg sveitarfélagsins né raska þeim á annan hátt, nema með leyfi sveitaryfirvalda. Að verki loknu skal færa það í samt lag, sem raskað var.

Þegar gerður er skurður í gangstétt, skal sá, sem verkið vinnur, sjá um að tryggja öryggi gangandi vegfarenda og annarra, s.s. með því að sjá fyrir göngubrautum og tryggja að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmann, s.s. með ljósum, glitmerkjum o.þ.h., þegar dimmt er. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minnstur farartálmi verði. Að öðru leyti geta sveitarstjórn og lögreglustjóri gert þær ráðstafanir er þykja þurfa til að afstýra hættu fyrir vegfarendur.

Lögreglustjóri getur bannað umferð um götur að nokkru eða öllu leyti, meðan á verki stendur, eða skipað fyrir um, hvernig umferðinni skuli hagað. Einnig getur hann ákveðið að skurðir í götur séu bygðir og uppgröftur fjarlægður, þannig að umferð sé óhindruð um göturnar á þeim tíma, sem ekki er unnið, svo sem að næturlagi og um helgar.

Sveitarstjórn og lögreglustjóri geta, ef þau telja framkvæmdir dragast um of, og að gefnum hæfilegum fresti til úrbóta, látið setja í samt lag það, sem raskað var, á kostnað þess, sem verkið átti að vinna, sbr. 39. gr. samþykktar þessarar.

17. gr.

*Um töku jarðefna.*

Hvers kyns umtalsverð taka jarðefna og tilfærsla jarðefna eða annað jarðrask er almennt óheimil innan sveitarfélagsins, þ.m.t. í fjörum, nema með samþykki landeiganda og/eða umráðamanns lands og sveitaryfirvalda.

18. gr.

*Um losun úrgangs.*

Losun hvers kyns úrgangs, sorps og annars af því tagi er bönnuð innan sveitarfélagsins nema á stöðum sem ætlaðir eru til þess og sveitarstjórn vísar á til þeirra nota. Losun jarðefna í þéttbýli er bönnuð, nema á stöðum sem ætlaðir eru til þess og sveitarstjórn ákveður.

19. gr.

*Um byggingarframkvæmdir og niðurrif mannvirkja.*

Þegar hús eða annað mannvirki er byggt, rifið, endurbyggt eða flutt, er eiganda eða verktaka skylt að leita eftir fyrirmælum lögreglustjóra, til að forðast farartálma, hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur.

Girðingar, sem hafa verið reistar vegna mannvirkjagerðar, skal fjarlægja, þegar þeirra er ekki lengur þörf.

Þegar hús eða annað mannvirki brennur, það fjarlæggt eða rifið burt, án þess að annað

se byggt í staðinn, er eiganda skylt að ganga svo frá hússtæðinu, að ekki stafi af því hættu, óþrifnaður eða óþrýði.

## 20. gr.

*Um leyfisskyldu fyrir byggingarframkvæmdum.*

Óheimilt er að grafa grunn, reisa hús, rífa hús eða breyta því eða notkun þess eða gera önnur þau mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfis, nýtingu lóða, grundvöll gjaldtöku og skatta o.s.frv., nema að fengnu leyfi skipulags- og byggingarnefndar, sbr. ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Framangreint bann tekur til hvers konar mannvirkja og hluta sem nýttir eru sem mannvirki eða hús. Bann þetta tekur því til lausra húsa, skúra, gáma o.s.frv., þegar notkun þeirra er augsýnilega ekki í samræmi við eðlilega notkun og tilgang þeirra eða þeirra svæða, þar sem þeim hefur verið komið fyrir.

Heimilt er að láta farga slíkum hlutum eða fjarlægja þá, á kostnað eigenda og/eða lóðarhafa, ef hann sinnir ekki fyrirmælum byggingaryfirvalda um að fjarlægja þau mannvirki eða hluti, sem um ræðir í þessari grein, sbr. 39. gr. samþykktar þessarar og VI. kafla skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

## III. KAFLI

**Um ökutæki, umferð o.fl.**

## 21. gr.

*Almennar reglur varðandi umferð á almannafæri.*

Enga atvinnu sem tálmar umferð má reka á almannafæri.

Á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það er hindrar umferð eða veldur hættu. Vöru- og flutningabifreiðum, sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd og hóp-bifreiðum sem eru meira en 5 tonn að leyfðri heildarþyngd, má ekki leggja á götum, einkalóðum í íbúðahúshverfum eða almenningsbifreiðastæðum sveitarfélagsins, nema þau séu til þess ætluð. Bann þetta gildir einnig um hvers konar vinnuvélar og dráttarvélar, án tillits til þunga þeirra.

Sveitarstjórn getur veitt undanþágu frá banni þessu og skal þá afmarka og merkja sérstaklega þá staði, sem undanþágan nær til. Undanþágan getur auk staðsetningar tekið til ákveðinna tímabila.

Stöður hjólhýsa, húsbíla, báta, flutningavagna, hestaflutningsvagna og þess háttar tækja eru bannaðar á götum og almenningsbifreiðastæðum, ef þau þykja valda íbúum ónæði.

## 22. gr.

*Takmörkun á umferð stórvirkra vinnuvéla.*

Lögreglustjóri eða sveitarstjórn getur takmarkað eða bannað umferð stórvirkra vinnuvéla, vörubifreiða eða annarra bifreiða á einstökum götum, ef slík umferð er álitin hættuleg eða til sérstakra óþæginda fyrir aðra umferð.

## 23. gr.

*Bann við umferð tiltekinna farartækja.*

Öll umferð torfærutækja, s.s. vélsleða, fjórhjóla, snjóbíla o.þ.h. er bönnuð innan þéttbýlis í sveitarfélaginu og á öðrum þeim svæðum í umdæminu, þar sem slíkt bann kann að verða auglýst sérstaklega.

Þó skal eigendum slíkra ökutækja í undantekningartilfellum og þegar aðstæður leyfa heimilt að aka frá heimilum sínum út úr þéttbýlinu stystu leið og til baka aftur að lokinni ferð. Sama á við um eldsneytistöku. Við slíkan akstur í þéttbýli skal gæta ýtrustu varkárni



og haga honum þannig að ekki stafi af hætta eða ónæði fyrir íbúa. Hámarkshraði torfærutækja við þessar aðstæður skal vera 30 km. á klukkustund.

Ofangreint bann gildir ekki fyrir umferð björgunartækja í neyðartilfellum.

Öll umferð vélhjóla er bönnuð utan vega og vegslóða innan svæðis er afmarkast af austurbrúnum Reynisfjalls að Fremra-Grafarhöfði, skógræktargirðingu frá Fremra-Grafarhöfði að Hrafnatindabrekku, vestur- og suðurbrúnum Víkurheiðar að Uxafótarlæk og Uxafótarlæk til sjávar. Þó er vélhjólum heimilt að aka fjöruna austan iðnaðarhverfis við Smiðjuveg.

Öll óviðkomandi umferð um landgræðslusvæði er bönnuð.

24. gr.

*Takmörkun á gangi bifvéla.*

Aflvélar kyrrstæðra bifreiða og vinnuvéla sem ekki eru í annars konar notkun, er óheimilt að hafa í gangi svo komast megi hjá loftmengun og hávaða á almannafæri og annars staðar þar sem ætla má að slíkt valdi óþægindum.

25. gr.

*Skyldur farmflytjenda.*

Peir, sem flytja hvers konar farm um götur og þjóðvegi sveitarfélagsins, skulu gæta þess vandlega að ganga þannig frá honum, að ekki valdi óþrifnaði eða hættu. Ef eitthvað slæðist eða hrynur niður á almannafæri við flutninginn, fermingu eða losun, er stjórnanda flutnings-tækisins skylt að hreinsa það upp þegar í stað.

26. gr.

*Afgreiðsla þjónustubifreiða o.fl.*

Afgreiðslu fyrir þjónustubifreiðar eða bifreiðasölur má einungis hafa í því húsnæði eða á þeim stað, sem skipulags- og byggingarnefnd hefur samþykkt til slíkra afnota. Nefndin getur takmarkað leyfið við tiltekinn tíma og tiltekinn fjölda bifreiða og sett önnur þau skilyrði, sem þurfa þykir.

27. gr.

*Um börn í umferðinni.*

Börn yngri en fimmtán ára skulu nota hlífðarhjálms við hjólreiðar. Á götum, eða annars staðar þar sem hætta getur stafað af, má ekki hindra umferð með skemmtunum eða leikjum.

#### IV. KAFLI

#### Um götuspjöld, húsnúmer og önnur opinber skilti.

28. gr.

*Um nöfn á götum.*

Sveitarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur festa upp skilti með þeim, þar sem þurfa þykir, s.s. við gatnamót og á fasteignir. Húseigendur skulu merkja hús sín greinilega með húsnúmeri og eftir atvikum bókstöfum eða nafni þar sem það á við, á götuhlið eða öðrum áberandi stað, vegfarendum og þjónustuaðilum til glöggvunar. Húseigandi skal sjá um allt venjulegt viðhald á merkingum á húsi sínu.

29. gr.

*Um meðferð opinberra skilta.*

Óheimilt er að skemma, fjarlægja eða á annan hátt eiga við opinber skilti eða aðrar opinberar merkingar sem komið hefur verið fyrir innan stjórnsýsluumdæmis sveitarfélagsins. Óheimilt er að skemma, fjarlægja eða á annan hátt eiga við opinberar auglýsingar sem settar hafa verið upp af hálfu sveitarfélagsins.

## V. KAFLI

**Um verslun, veitingahús, skemmtanahald og útivistartíma.**

## 30. gr.

*Um sölu varnings.*

Utan sölubúða er sala á hvers konar varningi háð þeim skilyrðum sem fram koma í ákvæðum verslunarlaga, og ákvæðum sem sveitarstjórn kann að setja um farandsölu í samþykkt sbr. 7. gr. laga um verslunaratvinnu nr. 28/1998.

Blöð, bæklinga, aðgöngumiða, happdrættismiða, merki og annað þessu skylt má hver sem er selja, en áskilið er að sótt sé um leyfi sveitaryfirvalda ef ætlunin er að vera með aðra farandsölu á almannaferi. Í umsókn um leyfi skal greint frá staðsetningu og því hvernig staðið verður að sölnunni á annan hátt.

## 31. gr.

*Um opnunartíma veitingarstaða og skemmtanir.*

Veitingastaði er heimilt að hafa opna frá kl. 06.00 til 02.00. Veitingastaði með skemmtanaleyfi er heimilt að hafa opna frá kl. 06.00 til 03.00.

Allir gestir skulu hafa farið út eigi síðar en 1/2 stundu eftir að lokað er, nema gestir á hótélum og öðrum gististöðum, sem hafa þar náttstað eftir lokunartíma.

Skemmtun sem aðgangur er seldur að má eigi halda nema að fengnu leyfi lögreglustjóra. Sama gildir um skemmtun sem fram á að fara á almennum skemmtistað, félagsheimili eða veitingahúsi, og skemmtun á að standa lengur en til kl. 23.30.

Forstöðumenn skemmtana skulu tilkynna lögreglustjóra hvar og hvenær skemmtun skal halda, að jafnaði með einnar viku fyrirvara.

## 32. gr.

*Um skyldur þeirra sem standa fyrir skemmtunum.*

Hver sá sem rekur veitinga- eða gististað, leikhús eða annað samkomuhús, eða heldur almenna skemmtun eða sýningu, skal sjá um að allt fari þar vel fram og að starfsemin valdi ekki nágrönnum eða vegfarendum ónæði.

## 33. gr.

*Um opnunartíma sölubúða.*

Opnunartími verslana og annarra þjónustufyrirtækja er frjáls að því marki er heimilt er að lögum sem gilda á hverjum tíma eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim. Sveitarstjórn getur takmarkað opunar- eða þjónustutíma hjá einstökum aðilum, ef starfsemin veldur nágrönnum eða vegfarendum ónæði.

## 34. gr.

*Reglur um útivistartíma og skyld atriði.*

Um útivistartíma barna og unglinga, aðgang þeirra að dansleikjum og öðrum skemmtunum og önnur atriði er lúta að öryggi þessara aldurs hópa í sveitarfélaginu gilda reglur XVII. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002. Sveitarstjórn getur þó með sérstakri samþykkt breytt reglunum til rýmkunar hvað varðar aldursmörk og tímasetningar varðandi útivistartíma.

## 35. gr.

*Um takmarkanir á aðgangi að leiktækjum.*

Óheimilt er að selja börnum innan 14 ára aðgang að leiktækjum í leiktækjasölum. Miðað skal við fæðingarár. Börnum yngri en 18 ára er óheimill aðgangur að söfnunarkössum.

## 36. gr.

*Um takmarkanir á sölu efna sem fallin eru til misnotkunar.*

Eigendur bensinstöðva, og aðrir verslunareigendur skulu ekki selja börnum eða unglingum, kveikjaragas eða önnur þau rokgjörru efni, sem fallin eru til misnotkunar, ef minnsti vafi leikur á því í hvaða skyni óskað er eftir kaupum á efninu, sbr. reglugerð nr. 196/1987 um takmörkun sölu á kveikjaragasi.

## VI. KAFLI

**Um staðgildi samþykktarinnar, viðurlög við brotum o.s.frv.**

## 37. gr.

*Um gildissvið.*

Samþykkt þessi gildir fyrir stjórnsluumdæmi Mýrdalshrepps. Samþykktina ber að túlka með hliðsjón af gildandi lögum og reglum hverju sinni, s.s. almennum hegningarlögum, skipulags- og byggingarlögum, umferðarlögum, vopnalögum, lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir o.s.frv.

## 38. gr.

*Refsiákvæði.*

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum og skulu refsímál rekin að hætti opinberra mála. Hagnaður sá, sem sakborningur kann að hafa haft af athæfi sínu og enginn einstakur maður eða lögpersóna á löglegt tilkall til, skal gerður upptækur og renna, auk sekta, í ríkissjóð.

Ef kenna má yfirsjón barns skorti á hæfilegri umsjá foreldris eða þess, sem gengur barninu í foreldris stað, skal refsa þeim fyrir yfirsjónina.

## 39. gr.

*Önnur viðurlagaákvæði.*

Ef einhver lætur það ógert sem er skylda hans samkvæmt lögreglusamþykkt þessari eða reglum sem settar eru samkvæmt þessari lögreglusamþykkt, má lögreglustjóri láta gera það eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hindra að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður við þetta greiðist af þeim sem ábyrgð ber.

Sama er um kostnað af ráðstöfun sem lögreglustjóri gerir til þess að hindra fyrirhugaða athöfn eða stöðva athöfn sem ekki er að fullu lokið en bönnuð er með lögreglusamþykkt þessari eða samkvæmt henni. Ef sá sem ábyrgð ber reynist eigi fær um að greiða slíkan kostnað, greiðist hann úr ríkissjóði.

## 40. gr.

*Gildistaka.*

Lögreglusamþykkt þessi, sem sveitarstjórn Mýrdalshrepps hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36, frá 18. maí 1988, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er numin úr gildi í sveitarfélaginu lögreglusamþykkt fyrir V-Skaftafellssýslu nr. 261/1972.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. júní 2004.*

**Björn Bjarnason.**

*Kristrún Kristinsdóttir.*

# REGLUR

## um fjárhagsaðstoð á Akranesi.

### I. KAFLI

#### Almenn atriði.

#### 1. gr.

##### *Inntak fjárhagsaðstoðar.*

Skylt er að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar, sbr. IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum, sbr. og III. kafla þessara reglna.

Gefa skal sérstakan gaum að fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum barnafjölskyldna og meta sérstaklega þarfir barna vegna þátttöku þeirra í þroskavænlegu félagsstarfi, í samræmi við 30. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, sbr. 15. og 16. gr. þessara reglna.

Fjárhagsaðstoð skal veitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði félagsmálaráðs, svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar, í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Jafnan skal kanna til þrautar rétt umsækjanda til annarra greiðslna, þar með talið frá almannatryggingum, atvinnuleysistryggingum, lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga, svo og skal kanna rétt til aðstoðar samkvæmt öðrum lögum, þ.m.t. lögum um námsstyrki.

#### 2. gr.

##### *Framfærsluskylda.*

Hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Fólk sem er í skráðri sambúð í þjóðskrá á sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón. Sambúðin skal hafa verið skráð í þjóðskrá í a.m.k. eitt ár áður en umsókn er lögð fram, sbr. 19. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

#### 3. gr.

##### *Lækkun grunnfjárhæðar.*

Hafi umsækjandi hafnað atvinnu eða sagt starfi sínu lausu án viðhlítandi skýringa eða hafnað starfsleiðaráætlun, er fjölskyldusviði heimilt að greiða hálfa grunnupphæð til framfærslu er tilgreind er í III. kafla reglna þessara þann mánuð sem umsækjandi hafnar vinnu svo og mánuðinn þar á eftir.

Sama á við um atvinnulausan umsækjanda sem ekki framvísar skráningarskírteini eða dagpeningavottorði frá svæðisvinnumiðlun án viðhlítandi skýringar.

#### 4. gr.

##### *Réttur fylgir lögheimili.*

Einstaklingar með lögheimili á Akranesi geta sótt um fjárhagsaðstoð skv. reglum þessum. Þurfi fólk á skyndilegri aðstoð að halda í dvalarsveitarfélagi er skylt að veita tímabundna aðstoð. Skal um það haft samráð við lögheimilissveitarfélag og aðstoð metin og veitt í samræmi við reglur þess. Lögheimilissveitarfélag endurgreiðir dvalarsveitarfélagi kostnaðinn, sbr. 14. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

#### 5. gr.

##### *Form fjárhagsaðstoðar.*

Fjárhagsaðstoð er ýmist veitt sem styrkur eða lán. Ef umsækjandi óskar þess skal aðstoðin veitt sem lán svo og ef könnun leiðir í ljós að eðlilegt sé að gera kröfur um endurgreiðslu með tilliti til eigna og framtíðartekna, sbr. 22. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Við veitingu lána skal gætt almennra reglna Akraneskaupstaðar varðandi frágang skuldabréfa, greiðslukjör o.þ.h. Lánveiting umfram kr. 100 þúsund er óheimil án samþykkis bæjarráðs Akraness. Ekki skal veita nýtt lán ef eldra lán er í vanskilum. Ákvörðun um að breyta láni í styrk eða skuldbreyta láni skal tekin af félagsmálaráði.

6. gr.

*Tímabil samþykkis hverju sinni.*

Fjárhagsaðstoð skal að öðru jöfnu vera greidd einn mánuð í senn og skulu ákvarðanir um aðstoð að jafnaði ekki ná yfir lengra tímabil en þrjá mánuði. Í þeim tilvikum þegar ljóst þykir að aðstæður umsækjanda muni ekki breytast, er heimilt að samþykkja aðstoð til allt að 6 mánaða. Að þeim tíma liðnum skal mál umsækjanda skoðað sérstaklega með tilliti til þarfa hans fyrir frekari fjárhagsaðstoð og annars konar ráðgjöf.

Í undantekningartilvikum er heimilt að veita fjárhagsaðstoð vikulega vegna sérstakra aðstæðna.

7. gr.

*Fjárhagsaðstoð aftur í tímann.*

Fjárhagsaðstoð er aldrei skylt að veita lengra aftur í tímann en fjóra mánuði frá því að umsókn er lögð fram, sbr. 3. mgr. 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Rökstuddar ástæður verða að réttlæta slíka aðstoð og verður skilyrðum fjárhagsaðstoðar að vera fullnægt allt það tímabil sem sótt er um.

## II. KAFLI

### **Umsókn um fjárhagsaðstoð.**

8. gr.

*Umsókn og fylgigögn.*

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram hjá skrifstofu fjölskyldusviðs Akraneskaupstaðar.

Umsókn skal undirrituð á sérstakt umsóknareyðublað, þar sem fram komi upplýsingar um umsækjanda, þar með talið lögheimili, fjölskyldugerð, nafn maka og barna á framfæri og nákvæmar upplýsingar um tekjur og eignir. Umsókn skal fylgja yfirlit yfir eignir og tekjur vegna síðastliðins árs, yfirlit yfir allar tekjur og aðrar greiðslur til umsækjanda og maka hans þann mánuð sem umsóknin er lögð fram þar með taldar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, innlendum og erlendum lífeyrissjóðum, Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkrasjóðum stéttarfélaga, bönkum, sparissjóðum, lánastofnunum eða öðrum aðilum. Ennfremur barnabætur, mæðra- og feðralaun.

Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um aðstoð fyrir sína hönd.

Þegar umsækjandi er atvinnulaus skal hann framvísa skráningarskírteini frá vinnumiðlun er staðfestir atvinnuleysi hans. Njóti umsækjandi réttar til atvinnuleysisbóta skal hann framvísa dagpeningavottorði. Hafi umsækjandi ekki fengið atvinnuleysisbætur vegna veikinda skal hann framvísa læknisvottorði. Hafi hann ekki skráð sig hjá vinnumiðlun, án viðhlítandi skýringa, missir hann hlutfallslega rétt til fjárhagsaðstoðar það tímabil.

9. gr.

*Upplýsingar um tekjur og fjárhag umsækjanda.*

Ráðgjafadeild fjölskyldusviðs getur, ef þörf krefur, aflað frekari upplýsinga um tekjur og eignir umsækjanda, m.a. hjá skattyfirvöldum, atvinnurekendum, Tryggingastofnun ríkisins, Atvinnuleysistryggingasjóði og lífeyrissjóðum, innlendum og erlendum. Skal það gert í samráði við umsækjanda.

Neiti umsækjandi að veita upplýsingar um fjárhag sinn eða maka stöðvast afgreiðsla umsóknar hans.

### III. KAFLI

#### Réttur til fjárhagsaðstoðar.

#### Mat á fjárþörf og útreikningur fjárhagsaðstoðar.

##### 10. gr.

##### *Mat á fjárþörf.*

Við ákvörðun um fjárhagsaðstoð skal grunnfjárþörf til framfærslu, sbr. 11. gr., lögð til grundvallar og frá henni dregnar heildartekjur sbr. 12. gr.

Tekið skal tillit til sérstakra aðstæðna eftir því sem við á, sbr. reglur þessar.

##### 11. gr.

##### *Grunnfjárhæð.*

##### *Framfærsla barna ekki talin með.*

Fjárhagsaðstoð til einstaklinga 18 ára og eldri getur numið allt að kr. 81.396 á mánuði, hér eftir nefnd grunnupphæð.

Fjárhagsaðstoð til hjóna og fólks í skráðri sambúð getur numið allt að kr. 130.234 á mánuði (81.396 x 1,6).

Mat á fjárhagsaðstoð er óháð því hvort barn eða börn búa á heimilinu. Undantekning er þegar umsækjandi hefur skertar barnabætur í kjölfar skilnaðar/sambúðarslita og skal þá tekið tillit til skerðingarinnar við mat á þjónustupörf.

Fjárhæðir verða endurskoðaðar af félagsmálaráði árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.

##### 12. gr.

##### *Tekjur umsækjanda.*

Allar tekjur einstaklings og maka ef við á, í þeim mánuði sem sótt er um og mánuðinum á undan eru taldar með við mat á fjárþörf. Mæðra- og feðralaun reiknast umsækjanda til tekna. Með tekjum er hér átt við allar tekjur einstaklings og maka, sem ekki eru sérstaklega til framfærslu barna, þ.e. atvinnutekjur, allar skattskyldar tekjur TR, greiðslur úr lífeyrissjóðum, atvinnuleysisbætur, leigutekjur o.s.frv. Eigi umsækjandi rétt á atvinnuleysisbótum, skal reikna þær honum til tekna, hvort sem hann hefur stimplað sig eða ekki, nema framvísað sé læknisvottorði. Miða skal við heildartekjur áður en skattar eru dregnir frá.

Við afgreiðslu fjárhagsaðstoðar er ekki gert ráð fyrir kostnaði vegna barna enda greiðist hann af barnabótum, barnabótaauka og meðlögum ef við á. Greiðslur vegna barna teljast ekki til tekna enda ekki reiknað með framfærslukostnaði vegna þeirra við mat á fjárþörf. Barnabætur skal þó kanna sérstaklega, sbr. 2. mgr. 11. gr. þessara reglna.

Húsaleigu- og vaxtabætur eru ekki taldar til tekna. Gert er ráð fyrir að húsnaðiskostnaði verði fyrst og fremst mætt með greiðslum vaxta- og húsaleigubóta, en einnig er gert ráð fyrir honum í grunnfjárhæð.

#### Sérákvæði.

##### 13. gr.

##### *Atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi einstaklingar og fólk í hlutastörfum.*

Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi einstaklingar, sem hafa lægri tekjur en sem nemur grunnfjárhæð, eiga rétt á fjárhagsaðstoð að því tilskildu að þeir hafi stöðvað atvinnurekstur og leitað réttar síns til atvinnuleysisbóta í samræmi við ákvæði laga um atvinnuleysis-tryggingar, nr. 12/1997.

Sé umsækjandi sjálfstætt starfandi og/eða launþegi í hlutastarfi með tekjur undir grunnfjárhæð skal gerð krafa um að viðkomandi skrái sig hjá vinnumiðlun og leiti að fullu starfi.

14. gr.

Ungu atvinnulausu fólki á aldrinum 18-24 ára sem býr hjá foreldri/foreldrum, sem hafa tekjur á eða undir viðmiðunarmörkum skal reiknast  $\frac{1}{2}$  grunnupphæð á mánuði eða mismunur á þeirri upphæð og eigin tekjum þeirra. Meðlag sem þau kunna að fá greitt reiknast sem tekjur.

Hafi einstaklingur, sem fellur undir ofangreint, forsjá barns skal viðkomandi reiknuð fjárhagsaðstoð til framfærslu að fullu.

Unglingar 18 ára og yngri eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð í eigin nafni.

IV. KAFLI

**Heimildir vegna sérstakra aðstæðna.**

15. gr.

*Aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri.*

- A. Heimilt er að veita sérstaka fjárhagsaðstoð til foreldra, sem hafa haft tekjur undanfarna fjóra mánuði sem eru við eða lægri en grunnfjárhæðin. Um er að ræða aðstoð til að greiða fyrir daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíðir, og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómskundastarfi. Ætíð skal vera um tímabundna aðstoð að ræða sem sætir endurskoðun á sex mánaða fresti. Viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni eru að hámarki kr 10.000 á mánuði.
- B. Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða sérstök meðferðar- og/eða stuðningssjónarmið eða fyrirbyggjandi starf á sviði barnaverndar, er heimilt að veita foreldrum styrk sem nemur heildarkostnaði eða hluta hans vegna daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíða, skóladagheimilis/frístundaheimilis, athvarfsdvalar, sumardvalar, skólagjalda og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómskundastarfi. Ætíð skal liggja fyrir samkomulag um félagslega ráðgjöf. Ætíð skal vera um tímabundna samþykkt að ræða, sem sætir endurskoðun á þriggja mánaða fresti.
- C. Heimilt er að veita tekjulágum foreldrum fjárstyrk vegna náms 16 og 17 ára barna þeirra. Hér er átt við foreldra sem hafa haft tekjur á eða undir grunnfjárhæð undanfarna 6 mánuði eða lengur. Skal styrkurinn miða að því að greiða áætlaðan bókakostnað og skólagjöld.
- D. Heimilt er að veita fæðingarstyrk til foreldra sem eru að eiga sitt fyrsta barn og eru með tekjur undir viðmiðunarmörkum og hafa átt við félagslega erfiðleika að etja. Aðstoðin er hugsuð til þess að kaupa útbúnað vegna barnsins s.s. vagn, rúm o.s.frv. Hámarks aðstoð er kr. 50.000.

16. gr.

*Námsstyrkir.*

Námsstyrki er heimilt að veita í eftirfarandi tilvikum og aðstoðin miðast við grunnfjárhæð ásamt almennum skólagjöldum, innritunarkostnaði og bókakostnaði:

- a) Til einstaklinga/einstæðra foreldra 18-24 ára sem átt hafa við mikla félagslega erfiðleika og hafa ekki lokið grunnskóla eða framhaldsskóla. Viðkomandi þurfa að hafa haft atvinnutekjur undir kr. 1.000.000 undanfarna tólf mánuði. Aðstoðin skal vera liður í umfangsmeiri vinnu starfsmanna ráðgjafadeildar sem miðar m.a. að því að gera viðkomandi kleift að lifa efnahagslega sjálfstæðu lífi.
- b) Til einstaklinga sem hafa verið atvinnulausir án bótaréttar eða þegið fjárhagsaðstoð í sex mánuði eða lengur og hafa ekki lokið grunnnámi sem gefur rétt á námsláni.

Leggja þarf inn umsókn tveimur mánuðum áður en námið hefst.

Starfsmaður og námsmaður skulu gera með sér samkomulag um hvernig skuli staðið að skilum varðandi skólasókn, námsframvindu og/eða einkunnir. Einkunnum skal þó ætíð skilað í annarlok.

Miðað skal við að námið leiði til þess að nemandi geti síðar hafið nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna.

Ákvarðanir um námskostnað skulu teknar fyrir hverja önn og er heimilt að halda námsaðstoð áfram með hliðsjón af námsframvindu.

Meðlag sem umsækjandi kann að fá reiknast honum til tekna.

#### 17. gr.

##### *Styrkur vegna húsbúnaðar.*

Fjárhagsaðstoð til kaupa á húsbúnaði er heimil í eftirfarandi tilvikum:

- til einstaklings sem hefur lægri tekjur en sem nema grunnfjárhæð, er eignalaus og er að stofna heimili eftir tveggja ára dvöl á stofnun,
- til ungs fólks á aldrinum 18-24 ára, sem er eignalaust með tekjur við eða undir grunnfjárhæð, hefur átt í miklum félagslegum erfiðleikum og er að stofna heimili í fyrsta sinn.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru kr. 100.000 en ef um flutning á sambylí er að ræða þá eru mörkin kr. 50.000. Húsbúnaðarstyrkir greiðast einu sinni.

#### 18. gr.

##### *Greiðsla sérfræðiaðstoðar.*

I. Heimilt er að veita einstaklingum í eftirtöldum aðstæðum fjárhagsaðstoð til greiðslu viðtala hjá félagsráðgjöfum, geðlæknum og sálfræðingum, ef það er liður í umfangsmeiri aðstoð og fyrirsjáanlegt að eigi sé hægt að veita þjónustuna innan fjölskyldusviðs Akraneskaupstaðar eða á vegum heilbrigðisstofnana:

- a) einstaklingum sem búa við mikla og langvarandi félagslega erfiðleika,
- b) einstaklingum eða fjölskyldum sem hafa orðið fyrir alvarlegum áföllum, svo sem alvarlegu ofbeldi.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru kr 55.000 á ári.

II. Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð til greiðslu nauðsynlegra tannlækninga til einstaklinga sem notið hafa fjárhagsaðstoðar til framfærslu samfleytt undanfarna 12 mánuði.

- a) Viðmiðunarmörk aðstoðar eru kr. 40.000 á ári.
- b) Kostnaðaráætlun tannlækni skal fylgja með umsókn.

#### 19. gr.

##### *Útfararstyrkir.*

Heimilt er að veita aðstoð til greiðslu útfararkostnaðar þegar staðreynt hefur verið að dánarbúið geti ekki staðið undir útför hins látna. Viðmiðunarmörk eru kr. 140.000.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn um útfararstyrk:

- Staðfest ljósrit af skattframtali hins látna,
- launaseðlar og greiðslufirlit frá tryggingum og lífeyrissjóðum,
- staðfesting frá stéttarfélagi um rétt til útfararstyrks,
- tilkynning sýslumanns um skiptalok á grundvelli eignayfirlýsingar, sbr. 25. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, eða einkaskiptaleyfi útgefið af sýslumanni til erfingja skv. 31. gr., sbr. 28. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl.

Heimilt er að veita eftirlifandi maka lán eða styrk vegna útfararkostnaðar þegar dánar-



búið getur ekki greitt fyrir útför hins látna og eignir eftirlifandi maka eru ekki aðrar en íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í.

## 20. gr.

*Aðstoð vegna sérstakra erfiðleika.*

Heimilt er að veita einstaklingum, hjónum eða sambúðarfólki lán eða styrk vegna mikilla fjárhagslegra og félagslegra erfiðleika að uppfylltum öllum neðangreindum skilyrðum:

- a) umsækjandi hafi haft tekjur á eða undir grunnfjárhæð undanfarna sex mánuði eða lengur,
- b) staðfest sé að umsækjandi hafi ekki aðgang að lánafyrirgreiðslu banka, sparisjóða eða annarra lánastofnana,
- c) fyrir liggi yfirlit starfsmanns ráðgjafadeildar fjölskyldusviðs eða Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna um fjárhagsstöðu umsækjanda og tillögur að úrbótum þegar við á,
- d) fyrir liggi á hvern hátt lán eða styrkur muni breyta skuldastöðu umsækjanda til hins betra þegar til lengri tíma er litið,
- e) fyrir liggi samkomulag um félagslega ráðgjöf og/eða fjármálaráðgjöf,
- f) að öllu jöfnu skal viðkomandi vera í greiðsluþjónustu banka.

Þegar um lán er að ræða skal greiðsluáætlun fylgja með umsókn.

Eigi er heimilt að veita styrk eða lán til greiðslu skulda við banka, sparisjóði og aðrar lánastofnanir, s.s. greiðslukortafyrirtæki. Þá er hvorki heimilt að veita styrk eða lán til greiðslu skattaskulda og sekta, né heldur til greiðslu skulda við einkaaðila.

## 21. gr.

Heimilt er að veita fólki sem hefur tekjur á eða undir grunnfjárhæð aðstoð við eftirfarandi:

- Jólstyrk/fermingaraðstoð er nemi 50% af grunnaðstoð einstaklings og að öllu jöfnu aðeins veitt þeim sem eiga við sérstaka erfiðleika að etja og hafa verið undir eða á viðmiðunarmörkum fjárhagsaðstoðar undanfarna 6 mánuði. Sækja þarf sérstaklega um jólstyrk.

## V. KAFLI

**Málsmeðferð****sbr. ákvæði stjórnisýslulaga, nr. 37/1993****og ákvæði XV. og XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.**

## 22. grein

*Könnun á aðstæðum.*

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um fjárhagsaðstoð hefur borist. Sama á við ef ráðgjafadeild fjölskyldusviðs berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti.

Ráðgjafadeild fjölskyldusviðs skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og sjá jafnframt til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

## 23. gr.

*Samvinna við umsækjanda.*

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti umboðsmann hans ef við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

## 24. gr.

*Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum.*

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

## 25. gr.

*Leiðbeiningar til umsækjanda.*

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður bjóða umsækjanda félagslega og fjárhagslega ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Berist skriflegt erindi sem ekki snertir starfssvið fjölskyldusviðs Akraneskaupstaðar, skal starfsmaður í samráði við umsækjanda framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem auðið er.

## 26. gr.

*Niðurstaða og rökstuðningur synjunar.*

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglna sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð.

## 27. gr.

*Rangar eða villandi upplýsingar.*

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi skjólstæðings er ætíð endurkræf og getur fjölskyldusvið endurkafið viðkomandi um fjárhæðina samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknar.

## 28. gr.

*Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum.*

Starfsmenn fjölskyldusviðs Akraneskaupstaðar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði félagsmálaráðs Akraness.

## 29. gr.

*Kynning á ákvörðun um fjárhagsaðstoð.*

Þar sem starfsmenn félagsmálaráðs hafa umboð til að taka ákvörðun um fjárhagsaðstoð skulu þeir kynna umsækjanda niðurstöðu tryggilega og kynna honum um leið rétt hans til að fara fram á að félagsmálaráð Akraness fjalli um umsóknina.

Umsækjandi hefur að öðru jöfnu fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til félagsmálaráðs Akraness frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Félagsmálaráð Akraness skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Ákvörðun félagsmálaráðs Akraness skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar félagshjónustu.

## 30. gr.

*Málskot til úrskurðarnefndar félagshjónustu.*

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálaráðs til úrskurðarnefndar félagshjónustu.

Skal það gert innan fjögurra vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun félagsmálaráðs Akraness.

31. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem byggðar eru á leiðbeiningum félagsmálaráðuneytisins varðandi reglur sveitarfélaga um fjárhagsaðstoð, taka gildi 1. júlí 2004.

Við gildistöku þessara reglna falla úr gildi eldri reglur um fjárhagsaðstoð samþykktar í félagsmálaráði Akraness 18. apríl 2000 og staðfestar af bæjarstjórn Akraness þann 12. desember 2000.

Þannig samþykkt á fundi félagsmálaráðs Akraness 2. júní 2004, samþykkt á fundi bæjarráðs Akraness 10. júní 2004 og staðfest á fundi bæjarstjórnar Akraness 15. júní 2004.

*Akranesi, 16. júní 2004.*

**Jón Pálmi Pálsson** bæjarritari.

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 310/1997 um skráningu vörumerkja o.fl.

1. gr.

Á eftir 33. gr. bætist við ný fyrirsögn sem orðast svo: Ýmis ákvæði.

2. gr.

Á eftir fyrirsögninni „Ýmis ákvæði“, skv. 1. gr. reglugerðar þessarar, bætist við ný grein, 34. gr., sem orðast svo:

Heimilt er að gefa ELS-tíðindi út og dreifa þeim á rafrænan hátt, þar á meðal á netinu.

Verði útgáfa ELS-tíðinda eingöngu rafræn skulu þeir sem þess óska áfram geta keypt útprentun tíðindanna hjá Einkaleyfastofunni gegn greiðslu kostnaðar af útprentun þeirra og sendingu.

3. gr.

Sú grein, sem nú er 34. gr., verður 35. gr.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 65. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki, öðlast þegar gildi.

*Iðnaðarráðuneytinu, 14. júní 2004.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Jón Ögmundur Þormóðsson.*

# REGLUR

## um farmvernd.

### I. KAFLI

#### Gildissvið og almenn ákvæði.

##### 1. gr.

###### *Forræði farmverndar.*

Um framkvæmd farmverndarráðstafana fer eftir reglum þessum.

Tollstjórinn í Reykjavík skal upplýsa og leiðbeina öðrum tollstjórum og hafnaryfirvöldum um gerð áhættumats, verndaráætlanir og aðrar aðgerðir vegna farmverndar. Hann sér um útgáfu eyðublaða vegna farmverndaryfirlýsinga og annarra gagna vegna farmverndar auk farmverndarinnsgila.

Tollstjórinn í Reykjavík vottar útflytjendur, flutningsmiðlara, farmflytjendur og önnur fyrirtæki sem farmverndaraðila vegna farmverndar.

Tollstjórinn í Reykjavík skal annast fræðslu starfsfólks tollstjóra er kemur að farmvernd auk annarra aðila eftir því sem við á.

Tollstjórar hafa eftirlit og umsjón með framkvæmd farmverndarráðstafana, þ.m.t. eftirlit með farmi sem flytja á úr landi, eftir því sem tollstjórinn í Reykjavík ákveður í reglum þessum.

Framkvæmd reglna þessara annast hver tollstjóri í sínu umdæmi en með yfirstjórn fer tollstjórinn í Reykjavík.

##### 2. gr.

###### *Markmið farmverndar.*

Markmið farmverndarráðstafana skal vera að hindra að hvers kyns hættuleg efni, vopn og tæki sem nota má til að ógna mönnum, skipum eða höfnum, og ekki hefur verið veitt sérstök heimild til flutnings á, komist inn á haftasvæði eða um borð í flutningsfar. Farmverndarráðstafanir skulu tryggja með áhrifaríkum hætti vernd farms frá hleðslustað að geymslusvæði ásamt aðstæðum á haftasvæði.

##### 3. gr.

###### *Orðskýringar*

Í reglum þessum merkir:

*Vottaður farmverndaraðili:* Aðili sem hefur verið viðurkenndur af tollstjóranum í Reykjavík sem ábyrgðaraðili fyrir hleðslu farms samkvæmt reglum þessum.

*Farmverndarfulltrúi:* Starfsmaður vottaðra farmverndaraðila (t.d. útflytjenda, farmflytjenda og flutningsmiðlara) sem fengið hefur viðurkenningu tollstjórans í Reykjavík til að gegna nánar tilgreindu hlutverki gagnvart farmvernd.

*Farmverndarinnsgili:* Sérstakt innsigli er tollstjórinn í Reykjavík lætur framleiða til notkunar vegna innsigluar gáma til útflutnings.

*Farmverndaryfirlýsing:* Yfirlýsing farmverndarfulltrúa um innihald farms o.fl. á sérstöku eyðublaði sem tollstjórinn í Reykjavík lætur í té. Eintak af skjali þessu skal fylgja vöru að skipshlið.

*Farmur:* Sérhver vörusending sem skráð er á farmskrá.

*Verndarfulltrúi hafnar:* Starfsmenn hafna sem hafa verið viðurkenndir af Siglingastofnun til að sjá um öryggismál á hafnarsvæðum.

## 4. gr.

*Upplýsingaskylda.*

Tollgæslan skal fá upplýsingar um alla vöru, m.a. aðgang að útflutningsfarmskrá og útflutningsskýrslum, svo tímanlega að skoðun verði við komið, áður en hún er sett inn á haftasvæðið.

Verndarfulltrúar hafna og farmverndarfulltrúar útflytjenda eða farmflytjenda skulu veita tolfyrirvöldum allar þær upplýsingar er varða farmvernd sem þeir komast að í störfum sínum.

Tollgæslan skal hafa aðgang að eftirlitskerfum og upplýsingum er kerfin hafa vistað.

Tollgæslan getur hafnað að farið sé með vöru á haftasvæði, t.d. ef upplýsingar skortir.

## II. KAFLI

**Svæði í höfnum.**

## 5. gr.

*Afmörkun svæða.*

Svæði í höfnum eru skilgreind á eftirfarandi hátt:

*Hafnarsvæði:* Svæði hafnar sem skilgreint er í hafnarskipulagi.

*Hafnaraðstaða:* Eitt eða fleiri svæði (port facility) innan hvers hafnarsvæðis samkvæmt skilgreiningu Siglingastofnunar. Hafnaraðstaða getur jafnframt verið haftasvæði.

*Haftasvæði:* Eitt eða fleiri svæði innan hafnaraðstöðu. Haftasvæði getur jafnframt eftir atvikum verið hafnaraðstaða. Haftasvæði getur verið innan hafnaraðstöðu eða fyrir utan tiltekna hafnaraðstöðu en innan hafnarsvæðis.

## 6. gr.

*Farmvernd á haftasvæðum.*

Í hverri útflutningshöfn skal vera afgirt eða afmarkað haftasvæði fyrir vörur til útflutnings.

Hafnaraðstaða og/eða haftasvæði skal vera aðgangsstýrt og vaktað sjónrænt eða með myndavélum eða annarri tækni eftir aðstæðum. Hliðvarsla skal viðhöfð inn á haftasvæði þar sem við á og viðhafa skal eftirlit innan svæðis, m.a. með umferð fólks og farartækja, aðgangsheimildum og með farmi þannig að tryggt sé að ekki sé átt við þá vöru sem þar er geymd frá því að skoðun hennar lauk og þar til hún er færð um borð í skip.

Í sumum tilfellum getur verið nægjanlegt að viðhafa sýnilega afmörkun haftasvæðis fyrir farm ef haftasvæðið er innan hafnaraðstöðu eða haftasvæðið er jafnframt hafnaraðstaða samkvæmt reglum Siglingastofnunar, en þá einungis með samþykki tollstjórans í Reykjavík. Þetta á einkum við í þeim tilfellum að hafnaraðstaða er lítil, það er lítil umferð um eða við svæðið eða það eru fáar skipakomur. Þó skal tryggð vöktun, aðgangsstýring, gæsla og eftirlit með svæðinu.

Farm, sem ekki fylgir lögmæt farmverndaryfirlýsing, má ekki geyma á haftasvæði. Gám sem hefur ekki verið innsiglaður með farmverndarinnsigli má ekki flytja inn á haftasvæði.

Haftasvæði sem eru ekki innan hafnaraðstöðu skulu afgirt samkvæmt reglum Siglingastofnunar og þeirra vandlega gætt á meðan útflutningsvara er á svæðunum. Haftasvæði skal að öðru leyti fullnægja þeim skilyrðum sem tollstjórinn í Reykjavík setur.

Tollstjórar annast eftirlit með svæðunum og að reglum sé fylgt.

## 7. gr.

*Aðstaða til farmverndareftirlits.*

Í útflutningshöfn skal vera aðstaða fyrir tollgæslu til skoðunar á vörum sem ætlaðar eru til útflutnings áður en þær fara á haftasvæði.

Skoðunaraðstaðan skal vera þannig að þar sé nægjanlegt athafnasvæði til vöruskoðunar og annarra eftirlitsstarfa ásamt tækjum og útbúnaði til þeirra starfa. Enn fremur skal svo um búið að óviðkomandi eigi ekki aðgang að skoðunaraðstöðu á meðan skoðun fer fram.

### III. KAFLI

#### Vottun aðila o.fl.

##### 8. gr.

##### *Vottaðir farmverndaraðilar.*

Tollstjóranum í Reykjavík er heimilt að viðurkenna eftirtalda sem farmverndaraðila vegna farmverndar við hleðslu og flutning farms:

- a. Aðilar sem stunda útflutningsverslun, framleiðslu eða viðgerðapjónustu í atvinnuskyni og flytja út vörur með reglubundnum hætti.
- b. Flutningsaðilar og flutningsmiðlarar.
- c. Aðilar sem annast um útflutning, frágang, pökkun og hleðslu vöru.  
Vottaðir farmverndaraðilar skulu fá úthlutað sérstöku heimildarnúmeri.  
Tollstjórinn í Reykjavík skal halda skrá yfir vottaða farmverndaraðila.

##### 9. gr.

##### *Aðgangur tollstjóra.*

Tollstjórar hafa aðgang að öllum gögnum og upplýsingum í starfsstöðvum vottaðra útflytjenda er varða farmvernd og að þeim svæðum þar sem meðferð vöru til útflutnings fer fram sbr. ákvæði tollalaga, nr. 55/1987.

##### 10. gr.

##### *Skilyrði fyrir vottun farmverndaraðila*

Tollstjórinn í Reykjavík vottar farmverndaraðila, sbr. 1. mgr. 8. gr., að eftirtöldum skilyrðum uppfylltum:

- a. Þeir hafi tilskilin leyfi eða skráningu til viðkomandi atvinnustarfsemi, svo sem skráða verslun sbr. lög nr. 28/1998 um verslunaratvinnu, iðnaðarleyfi, sbr. iðnaðarlög nr. 42/1978, vinnsluleyfi, sbr. lög nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða eða önnur leyfi eða skráningu sem krafist er.
- b. Þeir hafi tilkynnt Hagstofu Íslands um atvinnustarfsemi sína og hafi verið færðir á fyrirtækjaskrá sbr. lög nr. 17/2003 um fyrirtækjaskrá.
- c. Þeir hafi tilkynnt skattstjóra um starfsemi sína skv. 5. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.
- d. Tollstjórinn í Reykjavík hafi samþykkt þann hugbúnað sem umsækjandi hyggst nota til samskipta við tollyfirvöld sé um slíkt að ræða.
- e. Þeir hafi á að skipa starfsliði sem hefur til að bera fullnægjandi þekkingu á lögum um siglingavernd og reglum um farmvernd auk þjálfunar um öryggisþætti vegna starfa þeirra.  
Vottuðum farmverndaraðila, sbr. a. lið 1. mgr. 8. gr., og farmverndarfulltrúum þeirra er hvorki heimilt að votta útflutning hjá öðrum aðilum né afhenda öðrum úthlutað farmverndarinnisgli.

Flutningsmiðlara og farmflytjendur má votta til að koma fram gagnvart tollyfirvöldum með tilliti til farmverndar þannig að þeir geti tekið að sér farmvernd fyrir hönd útflytjenda vöru.

##### 11. gr.

##### *Umsókn um vottun.*

Sækja skal skriflega um vottun farmverndaraðila til tollstjórans í Reykjavík. Vegna ábyrgðar þeirrar sem hvílir á umsækjanda er skylt að tilkynna tollstjóranum í Reykjavík þegar

í stað um allar breytingar sem verða á upplýsingum sem veittar eru í umsókninni, sérstaklega vegna þeirra farmverndarfulltrúa sem hann tilnefnir til að koma fram fyrir sína hönd vegna farmverndar. Farmverndarfulltrúar þeirra aðila er sækja um vottun skulu samþykktir af tollstjóranum í Reykjavík og getur hann krafist ítarlegra upplýsinga um þá, t.d. sakavottorðs eða upplýsinga um starfsferil. Þetta á jafnframt við um aðila er annast flutning á sendingum sem háðar eru farmverndareftirliti. Umsóknareyðublað skal skilmerkilega útfyllt og undirritað eins og texti reita segir til um og tilskilin fylgiskjöl send með umsókninni.

Forráðamaður eða framkvæmdastjóri fyrirtækis sækir um fyrir hönd þess og er áriðandi að fylla út umsóknina eins og krafist er. Hann skal tilnefna m.a. þá starfsmenn fyrirtækisins sem óskað er að verði viðurkenndir farmverndarfulltrúar.

Tilgreina skal tegund útflutnings og flutningaleiðir að útflutningshöfn. Telja skal fram fjölda sendinga í útflutningi yfir síðustu 24 mánuði. Einnig skal skrá áætlaðan fjölda útflutningssendinga á komandi 12 mánuðum frá dagsetningu umsóknar.

Með umsókn skulu m.a. fylgja upplýsingar um eftirfarandi:

- a. Eðli útflutnings, áætlað magn og fjölda sendinga.
- b. Upplýsingar um útflutning síðustu tveggja ára.
- c. Almennar öryggisráðstafanir í fyrirtækinu.
- d. Áætlun um öryggisráðstafanir vegna farmverndar, t.d. hvernig staðið skuli að lestun gáma, svæði, eftirliti o.fl.
- e. Upplýsingar um tilnefnda farmverndarfulltrúa.
- f. Vörslu farmverndarinnsgla og gagna.
- g. Upplýsingar um aðila sem annast flutning á sendingum sem háðar eru farmverndareftirliti.

Umsækjandi skal senda umsóknina rafrænt til tollstjórans í Reykjavík. Verði umsókn samþykkt fær umsækjandi hana senda rafrænt til baka með staðfestingu tollstjóra.

#### 12. gr.

##### *Afturköllun.*

Tollstjórinn í Reykjavík getur afturkallað vottun farmverndaraðila ef verulegir breistir koma fram hjá honum í framkvæmd farmverndarráðstafana.

#### IV. KAFLI

##### **Farmverndaryfirlýsing og innsigli.**

#### 13. gr.

##### *Farmverndarinnsgli.*

Allir vörugámar sem fermdir eru hér á landi til útflutnings skulu vera innsiglaðir með flöskulaga innsigli sem ekki þarf verkfæri til að loka.

Innsigli skal vera með bláan efri helming og bera hlaupandi númer, t.d. (IS-SCS - 121212).

Viðurkenndir farmverndaraðilar fá innsigli afhent hjá tollstjóranum í Reykjavík gegn gjaldi.

Aðilar sem hafa fengið afhent farmverndarinnsgli hjá tollstjóra skulu varðveita þau með öruggum hætti og gæta þess að þau tynist ekki eða misfarið sé með þau. Halda skal skrá yfir þau innsigli sem notuð eru. Ef rjúfa þarf innsigli eða það skemmist skal það tilkynnt tollstjóranum í Reykjavík svo fljótt sem við verður komið. Skemmd eða rofin innsigli skulu varðveitt og síðan afhent tollstjóranum í Reykjavík. Þau innsigli skulu jafnframt skráð með viðeigandi athugasemd. Glatist innsigli skal tilkynna það tollstjóranum í Reykjavík með skriflegri greinargerð.

## 14. gr.

*Farmverndaryfirlýsing.*

Með hverjum útfluttum vörugámi skal fylgja farmverndaryfirlýsing. Þó má sameina fleiri en einn tóman gám á eina farmverndaryfirlýsingu. Embætti tollstjóra á hleðslustað fær eintak af farmverndaryfirlýsingu og flutningsaðili(ar) annað er fylgir vöru á haftasvæði.

Form farmverndaryfirlýsingar skal ákveðið af tollstjóranum í Reykjavík. Á farmverndaryfirlýsingu skal skráð nafn leyfishafa, innihald gáms, leyfisnúmer og númer innsiglis. Þegar gámur er lestaður við verksmiðjudyr skal leyfishafi innsigla gáminn á yfirfellda hurð gámsins og afhenda flutningsaðila, sem flytur gáminn á útflutningsstað, það eintak eyðublaðsins sem tilheyrir farmflytjanda. Á farmverndaryfirlýsingunni skal einnig koma fram hvenær vöru var hlaðið í gám eða á annan hátt til flutnings og hver er farmverndarfulltrúi. Einnig skal koma fram dagsetning farmverndarvottorðs og eftir atvikum númer flutningatækis.

Farmverndarfulltrúi skal undirrita farmverndaryfirlýsingu.

## V. KAFLI

**Meðferð farms.**

## 15. gr.

*Innsiglaðir gámar, hlaðnir eða tómir.*

Farmflytjandi skal skrá númer farmverndarinnsiglis í farmskrá og farmbréf er fylgir gámnum á endastöð erlendis.

Þegar viðurkenndur farmverndarfulltrúi útflytjanda hefur afhent verndarfulltrúa hafnar eða farmverndarfulltrúa farmflytjanda hlaðinn eða tóman vörugám ásamt farmverndaryfirlýsingu telst ábyrgð sendingarinnar vera í höndum verndarfulltrúa eða farmflytjanda eftir atvikum.

Afrit farmverndaryfirlýsingar skulu að lokinni útskipun varðveitt í a.m.k. þrjá mánuði hjá verndarfulltrúum hafna eða hjá farmflytjendum er þeir vísa til.

## 16. gr.

*Óinnsiglaðir hlaðnir gámar.*

Ekki má flytja hlaðinn vörugám óinnsiglaðan frá hleðslustað inn á haftasvæði farmflytjanda eða hafnar.

Komi vörugámur hlaðinn en óinnsiglaður á útflutningsstað skal verndarfulltrúi hafnarinnar eða farmverndarfulltrúi farmflytjanda sjá til þess að hann sé ekki settur á haftasvæði viðkomandi hafnar og tilkynna jafnframt um hann til viðkomandi tollstjóra sem tekur ákvörðun um framhald málsins.

Vörugámur sem hefur verið innsiglaður með farmverndarinnsigli skal tafarlaust fluttur á haftasvæði viðkomandi hafnar.

## 17. gr.

*Vörugeymslur.*

Útflutningsvörur sem geymdar eru á vöruhótelum farmflytjanda og bíða þess að verða fluttar úr landi skulu aðskildar frá öðrum vörum í geymslum eins og kostur er.

Þegar kemur til hleðslu á vörugámi skal viðurkenndur farmverndaraðili hafa eftirlit með hleðslunni og ganga síðan frá gámnum á sama hátt og segir í 13. og 14. gr.

## 18. gr.

*Útflytjendur heimilismuna og aðrir er ekki hafa hlotið vottun.*

Útflutningsaðilar sem ekki hafa hlotið vottun geta snúið sér til vottaðra farmverndaraðila, skv. b- og c-lið 1. mgr. 8. gr., með væntanlegan útflutning til að uppfylla skilyrði farmverndar.



## 19. gr.

*Reglur um vöru sem lestuð er með færibandí eða dælum.*

Viðurkenndur farmverndarfulltrúi útflytjanda skal staðfesta á farmverndaryfirlýsingu að við lestun fari ekki annað um borð en sú vara er kemur fram á farmverndaryfirlýsingunni. Heimildarnúmer vottaðra útflytjenda skal skrá í farmskrá og/eða farmbréf.

Lestunarsvæði, svæðið milli skips og lands þar sem tengingar eiga sér stað ásamt dælu-búnaði og stjórnstöð, skal vera haftasvæði meðan á lestun stendur. Hæfilegt svæði, að mati tollstjóra, umhverfis lestunarbúnað skal vera haftasvæði.

## 20. gr.

*Farmur sem ekið er að skipshlið í sekkjum, stykkjum eða lausu.*

Viðurkenndur farmverndarfulltrúi útflytjanda skal staðfesta með farmverndaryfirlýsingu að við lestun fari ekki annað um borð en sú vara er fram kemur á farmverndaryfirlýsingunni. Heimildarnúmer vottaðra útflytjenda skal skrá í farmskrá og/eða farmbréf.

Á farmverndaryfirlýsingu skal koma fram fast skráningarnúmer vélknúins ökutækis sem notað er við akstur farmsins. Verndarfulltrúi hafnar eða farmflytjandi skal staðfesta móttöku vörunnar.

Hæfilegt svæði, að mati tollstjóra, umhverfis lestunarbúnað skal vera haftasvæði.

## 21. gr.

*Ferjustöðvar.*

Á ferjustöðvum skal farið með farm samkvæmt reglum þessum.

## VI. KAFLI

**Viðurlög.**

## 22. gr.

*Viðurlög.*

Brot á reglum þessum varða sektum skv. lögum um siglingavernd nr. 50/2004, nema þyngri refsing liggí við skv. öðrum lögum.

## VII. KAFLI

**Gildistaka og önnur ákvæði.**

## 23. gr.

*Öryggiseftirlit með farþegum og áhöfnum.*

Tollstjórum er heimilt að taka að sér öryggiseftirlit í höfnum, þ.m.t. með farþegum og áhöfnum skipa, samkvæmt sérstöku samkomulagi við hafnaryfirvöld á hverjum stað.

## 24. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 8. mgr. 4. gr. laga um siglingavernd nr. 50/2004 og öðlast gildi 1. júlí 2004.

*Tollstjórinn í Reykjavík, 16. júní 2004.*

**Snorri Olsen.**

*Sigurður Skúli Bergsson.*

## REGLUR

### um viðmið við mat Fjármálaeftirlitsins á áhættu fjármálafyrirtækja og ákvörðun um eiginfjárhlutfall umfram lögbundið lágmark.

#### 1. gr.

Reglur þessar kveða á um viðmið sem Fjármálaeftirlitið hefur til hliðsjónar við mat á áhættustigi og kröfu um hærra eiginfjárhlutfall en 8% fyrir fjármálafyrirtæki.

#### 2. gr.

Vegin heildareinkunn fjármálafyrirtækis þarf að jafnaði að vera lægri en 2,25 samkvæmt áhættumatskerfi sem nánar er lýst í viðaukum I-III með reglum þessum þar sem einkunnagjöf miðast við skalann 1 til 5 og 1 er besta einkunn en 5 lakasta einkunn.

#### 3. gr.

Fjármálafyrirtæki þarf að jafnaði að geta staðist áföll sem samtímis leiða til niðurfærslu eignaliða eins og að neðan greinir án þess að eiginfjárhlutfallið fari niður fyrir 8%:

	Niðurfærslu- hlutfall
Vaxtafryst útlán og fullnustueignir, nettó	20%
Hlutabréfaeign í eigin áhættu	25%
Markaðsskuldabréfaeign í eigin áhættu	7%

#### 4. gr.

Uppfylli fjármálafyrirtæki ekki þau viðmið sem kveðið er á um í 2. eða 3. gr. kemur til álita af hálfu Fjármálaeftirlitsins að krefjast hærra lágmarkseiginfjárhlutfalls en 8% fyrir viðkomandi fyrirtæki. Áður en slík ákvörðun er tekin mun Fjármálaeftirlitið eiga viðræður við stjórn og framkvæmdastjóra fyrirtækisins um áhættumat og eiginfjárstöðu þess og þær ráðstafnir sem stjórnendur hyggjast grípa til í því skyni að uppfylla sett lágmarksskilyrði.

#### 5. gr.

Leiði viðræður samkvæmt 4. gr. ekki til fullnægjandi niðurstöðu varðandi áhættumat og eiginfjárstöðu fyrirtækisins að mati Fjármálaeftirlitsins tekur það formlega ákvörðun um að krefjast hærra lágmarkseiginfjárhlutfalls fyrir fyrirtækið. Ákvörðunin felur í sér álag á 8% lágmarkseiginfjárhlutfallið sem miðast við að fjármálafyrirtækið standist áfallapróf samkvæmt 3. gr. auk viðbótarálags í samræmi við eftirfarandi töflu ef vegin heildareinkunn sbr. 2. gr. fer yfir 2,25:

Vegin heildareinkunn á bilinu:	Viðbótar- álag, %
2,25 - 2,50	0,5
2,50 - 2,75	1,0
2,75 - 3,00	2,0
3,00 - 3,25	3,0
3,25 - 3,50	4,0
3,50 - 3,75	6,0
3,75 - 4,00	8,0
>4,00	10,0

## 6. gr.

Við veitingu starfsleyfis til fjármálafyrirtækis skal að jafnaði gerð krafa um hærra lágmarkseiginfjárlutfall en 8% allt að 16%. Mið skal tekið af áætlunum fyrirtækisins og hliðsjón höfð af áhættumati skv. 2. og 3. gr. Sýni fyrirtækið einkunnina 2,25 eða lægri samfellt í þrjú hálf árs tímabil í útreikningi skv. 2. gr. og standist fyrirtækið álagspróf skv. 3. gr. á sama tímabili, skal lágmarkseiginfjárlutfallið endurskoðað. Heimilt er að lækka hlutfallið í áföngum, með hliðsjón af rekstraráætlunum fyrirtækisins.

Við mat á lágmarkseiginfjárlutfalli skv. 1. mgr. er heimilt að taka tillit til fyrri rekstrarsögu, byggi fyrirtækið á reynslu úr sambærilegum rekstri.

## 7. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með tilvísun til 2. ml. 2. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaeftirlitinu, 9. júní 2004.*

**Páll Gunnar Pálsson.**

*Ragnar Hafliðason.*

## VIÐAUKI I

**Áhættumatskerfi fyrir viðskiptabanka og lánafyrirtæki.**

Viðmiðanir við einkunnagjöf sem gefin er á skalanum 1-5 þar sem 1 er besta einkunnin.

EINKUNN	1	2	3	4	5	VÆGI
Eiginfjárlutfall samkvæmt lögum, samstæðureikn.	>10	10-9,5	9,5-9	9-8,5	<8,5	50%
Aðgangur að viðbótargæði gegnum markað, félagsform og skráningu á markað	Skráð og rated(sr)	Skráð félag(s)	Óskráð félag(ó)			20%
Vikjandi lántaka B og C í hlutf. af eiginfj.þ. A	<25	25-30	30-35	35-40	>40	15%
Vikjandi lántaka A í hlutf. af eiginfj.þ. A	<5	5-10	>10			15%
<b>EIGIÐ FÉ 10%</b>						
Útlánadreifing eftir atvinnugreinum; m.v. að stærsta atvinnugreinin sé innan tiltekinnar marka af heildarútlánum	<15	15-25	25-35	35-50	>50	10%
Vaxtafryst lán (án fulln.eigna) í hlutfalli af útlánum	<1	1-2	2-5	5-10	>10	15%
Fullnustueignir í hlutfalli af útlánum	<1	1-2	2-5	5-10	>10	10%
Vanskil í hlutfalli af útlánum, >90 daga	<2	2-5	5-6	6-8	>8	15%
Óskráð hlutabréf í hlutfalli af eigin fé	<5	5-10	10-15	15-20	>20	10%
Töfl mánaða aukning útlána (í þessu tilviki er 12 mán. útlánaaukning m.v. sl. áramót og ársgr.)	<5	5-10	10-15	15-20	>20	20%
Samþjöppun, þ.e. samtala stórra áhættuskuldbindinga	<150	150-200	200-300	300-400	>400	10%
Fjöldi stórra áhættuskuldbindinga yfir 20% af eigin fé	1	2	3	4	>4	10%

EINKUNN	1	2	3	4	5	VÆGI
<b>GÆDI EIGNA 40%</b>						
Arðsemi eigin fjár	>12	9-12	6-9	0-6	<0	100%
<b>ARÐSEMI 10%</b>						
Staða skv. lausafjárskýrslum; m.v. að uppsöfnuð staða sé jákvæð í lok allra 4 tímabanda	4	3	2	1	0	50%
Þátttaka á millibankamarkaði		Já		Nei		20%
Skuldir við erlenda aðila með eftirstöðvatíma > 1 ár og < 2 ár í hlutfalli af efnahag	<10	10-20	20-30	30-40	>40	30%
<b>LAUSAFJÁRSTAÐA 15%</b>						
Eiginfjárlutfall að teknu tilliti til 7% lækkunar markaðsskuldabréfa í eigin áhættu	>9,5	9,5-9	9-8,5	8,5-8	<8	25%
Eiginfjárlutfall að teknu tilliti til 25% lækkunar hlutabréfa í eigin áhættu	>9,5	9,5-9	9-8,5	8,5-8	<8	25%
Staða verðtr.jafnaðar í hlutf. af CAD-eigin fé, jákvæð staða eða neikvæð staða ef um hana er að ræða	<30 <10	30-65 10-25	65-85 20-25	85-120 25-40	>120 >40	10% Staða
Staða gjaldeyrisjafnaðar í hlutfalli af eigin fé	<10	10-22	22-28	28-40	>40	10%
Áhættugrunnur vegna markaðsáhættu í hlutfalli af áhættugrunni samtals	<5	5-11	11-14	14-20	>20	30%
<b>NÆMNI FYRIR MARKAÐSÁHÆTTU 15%</b>						
Hæfi stjórnenda og stjórnar						20%
Er farið að lögum, reglug. og verklagsregl. um starfsemina						20%
Er farið eftir ábendingum ytri og innri endurskoðun og FME						20%
Gæði innra eftirlits og áhættustýringar						20%
Gæði markmiðssetningar um eigið fé						20%
<b>STJÓRNUN 10%</b>						

## VIÐAUKI II

### Áhættumatskerfi fyrir sparisjóði.

Viðmiðanir við einkunnagjöf sem gefin er á skalanum 1-5 þar sem 1 er besta einkunnin.

EINKUNN	1	2	3	4	5	VÆGI
Eiginfjárlutfall samkvæmt lögum, samstæðureikn.	>10	10-9,5	9,5-9	9-8,5	<8,5	50%
Aðgangur að viðbótar eigin fé gegnum markað, félagsform og skráningu á markað	Skráð og rated(sr)	Skráð félag(s)	Óskráð félag(ó)			20%
Víkjandi lántaka B og C í hlutf. af eiginfjárbörf A	<25	25-30	30-35	35-40	>40	15%
Víkjandi lántaka A í hlutf. af eiginfjárbörf A	<5	5-10	>10			15%
<b>EIGIÐ FÉ 10%</b>						
Útlánadreifing eftir atvinnugreinum; m.v. að stærsta atvinnugreinin sé innan tiltekinnna marka af heildarútlánum	<15	15-25	25-35	35-50	>50	10%
Vaxtafryst lán (án fullnægjandi eigna) í hlutfalli af útlánum	<1	1-2	2-5	5-10	>10	15%
Fullnustueignir í hlutfalli af útlánum	<1	1-2	2-5	5-10	>10	10%
Vanskil í hlutfalli af útlánum, >90 daga	<2	2-5	5-6	6-8	>8	15%

EINKUNN	1	2	3	4	5	VÆGI
Óskráð hlutabréf í hlutfalli af eigin fé	<5	5-10	10-15	15-20	>20	10%
Tólf mánaða aukning útlána	<5	5-10	10-15	15-20	>20	20%
Samþjöppun, þ.e. samtala stórra áhættuskuldbindingar	<150	150-200	200-300	300-400	>400	10%
Fjöldi stórra áhættuskuldbindingu yfir 20% af eigin fé	1	2	3	4	>4	10%
<b>GÆÐI EIGNA 40%</b>						
Arðsemi eigin fjár	>10	7-9	4-6	0-3	<0	100%
<b>ARÐSEMI 10%</b>						
Staða skv. lausafjárskýrslum; m.v. að uppsöfnuð staða sé jákvæð í lok allra 4 tímabanda	4	3	2	1	0	70%
Innlán sem hlutfall af útlánam	>90	70-90	50-70	40-50	<40	30%
<b>LAUSAFJÁRSTAÐA 15%</b>						
Eiginfjárlutfall að teknu tilliti til 7% lækkunar markaðsskuldbréfa í eigin áhættu	>9,5	9,5-9	9-8,5	8,5-8	<8	25%
Eiginfjárlutfall að teknu tilliti til 25% lækkunar hlutabréfa í eigin áhættu	>9,5	9,5-9	9-8,5	8,5-8	<8	25%
Staða verðtr.jafnaðar í hlutf. af CAD-e.fé, jákvæð staða eða neikvæð staða ef um hana er að ræða	<30 <10	30-65 10-25	65-85 20-25	85-120 25-40	>120 >40	10% "
Staða gjaldeyrisjafnaðar í hlutfalli af eigin fé	<10	10-22	22-28	28-40	>40	10%
Áhættugrunnur vegna markaðsáhættu í hlutfalli af áhættugrunni samtals	<5	5-11	11-14	14-20	>20	30%
<b>NÆMNI FYRIR MARKAÐSÁHÆTTU 15%</b>						
Hæfi stjórnenda og stjórnar						20%
Er farið að lögum, reglug. og verklagsregl. um starfseminu						20%
Er farið eftir ábendingum ytri og innri endurskoðunar og FME						20%
Gæði innra eftirlits og áhættustýringar						20%
Gæði markmiðssetningar um eigið fé						20%
<b>STJÓRNUN 10%</b>						

## VIÐAUKI III

**Áhættumatskerfi fyrir verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðlanir og rekstrarfélög verðbréfasjóða.**

Viðmiðanir við einkunnagjöf sem gefin er á skalanum 1-5 þar sem 1 er besta einkunnin.

EINKUNN	1	2	3	4	5	VÆGI
Eiginfjárlutfall samkvæmt lögum, samstæðureikn.	>10	10-9,5	9,5-9	9-8,5	<8,5	60%
Víkjandi lántaka B og C í hlutf. af eiginfjárbörf A	<25	25-30	30-35	35-40	>40	20%
Víkjandi lántaka A í hlutf. af eiginfjárbörf A	<5	5-10	>10			20%
<b>EIGIÐ FÉ 10%</b>						
Samþjöppun, þ.e. samtala stórra áhættuskuldbindinga	<150	150-200	200-300	300-400	>400	20%
Fjöldi stórra áhættuskuldbindinga yfir 20% af eigin fé	1	2	3	4	>4	20%

EINKUNN	1	2	3	4	5	VÆGI
Óskráð skuldabréf í hlutfalli af eigin fé	<10	10-15	15-20	20-25	>25	20%
Óskráð hlutabréf í hlutfalli af eigin fé	<5	5-10	10-15	15-20	>20	20%
Reiknuð skattinneign í hlutfalli af eigin fé	<5	5-10	10-15	15-20	>20	20%
<b>GÆÐI EIGNA 30%</b>						
Arðsemi eigin fjár	>10	7-9	4-6	0-3	<0	100%
<b>ARÐSEMI 10%</b>						
Sjóður, bankainnstæður og skráð verðbréf í hlutfalli af heildareignum	>50	50-40	40-30	30-20	<20	100%
<b>LAUSAFJÁRSTADA 15%</b>						
Eiginfjárlutf. að teknu tilliti til 10% lækkunar markaðsskuldabr. í eigin áhættu	>9,5	9,5-9	9-8,5	8,5-8	<8	25%
Eiginfjárlutfall að teknu tilliti til 20% lækkunar hlutabréfa í eigin áhættu	>9,5	9,5-9	9-8,5	8,5-8	<8	25%
Áhættugrunnur vegna markaðsáhættu í hlutfalli af áhættugrunni samtals	<5	5-11	11-14	14-20	>20	50%
<b>NÆMNI FYRIR MARKAÐSÁHÆTTU 25%</b>						
Hæfi stjórnenda og stjórnar						20%
Er farið að lögum, reglug. og verklagsregl. um starfsemina						20%
Er farið eftir ábendingum ytri og innri endurskoðun og FME						20%
Gæði innra eftirlits og áhættustýringar						20%
Gæði markmiðssetningar um eigið fé						20%
<b>STJÓRNUN 10%</b>						

# REGLUGERÐ

## um breytingu á reglugerð nr. 706/2001 um skráningu hönnunar.

### I. KAFLI

#### Breyting á hugtakanotkun.

##### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar: Í stað orðanna „heiti sem lýsir hönnun“ kemur: tilgreiningu á hönnun.

##### 2. gr.

3. tölul. 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar fellur niður.

### II. KAFLI

#### Breytingar vegna rafrænnar birtingar ELS-tíðinda.

##### 3. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 1. mgr. 18. gr. reglugerðarinnar: Í stað orðanna „birt í sérstöku riti er Einkaleyfastofan gefur út, ELS-tíðindum“ kemur: birt í ELS-tíðindum sem Einkaleyfastofan gefur út.

##### 4. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 4. mgr. 20. gr. reglugerðarinnar: Í stað orðanna „skal birta í riti því er Einkaleyfastofan gefur út, ELS-tíðindum“ kemur: skal birta í ELS-tíðindum sem Einkaleyfastofan gefur út.

##### 5. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 5. mgr. 21. gr. reglugerðarinnar: Í stað orðanna „Tilkynningar skulu birtar í riti því er Einkaleyfastofan gefur út, ELS-tíðindum“ kemur: Tilkynningar skulu birtar í ELS-tíðindum sem Einkaleyfastofan gefur út.

##### 6. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 1. mgr. 24. gr. reglugerðarinnar: Í stað orðanna „Þó skal birta í riti því er Einkaleyfastofan gefur út, ELS-tíðindum“ kemur: Þó skal birta í ELS-tíðindum sem Einkaleyfastofan gefur út.

##### 7. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 4. mgr. 25. gr. reglugerðarinnar: Í stað orðanna „birt í riti því er Einkaleyfastofan gefur út, ELS-tíðindum“ kemur: birt í ELS-tíðindum sem Einkaleyfastofan gefur út.

##### 8. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 2. mgr. 32. gr. reglugerðarinnar: Í stað orðanna „skal birta ákvörðun í riti því er Einkaleyfastofan gefur út, ELS-tíðindum“ kemur: skal birta ákvörðun í ELS-tíðindum sem Einkaleyfastofan gefur út.

##### 9. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 4. mgr. 33. gr. reglugerðarinnar: Í stað orðanna „Ákvörðun um hlutun skal birt í riti því er Einkaleyfastofan gefur út, ELS-tíðindum“ kemur: Ákvörðun um hlutun skal birt í ELS-tíðindum sem Einkaleyfastofan gefur út.

## 10. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 4. mgr. 34. gr. reglugerðarinnar:

Í stað orðanna „Ákvörðun um hlutun skal birt í riti því er Einkaleyfastofan gefur út, ELS-tíðindum“ kemur: Ákvörðun um hlutun skal birt í ELS-tíðindum sem Einkaleyfastofan gefur út.

## 11. gr.

Á eftir 37. gr. bætist við ný grein, 37. gr. a, sem orðast svo:

Heimilt er að gefa ELS-tíðindi út og dreifa þeim á rafrænan hátt, þar á meðal á netinu.

Verði útgáfa ELS-tíðinda eingöngu rafræn skulu þeir sem þess óska áfram geta keypt útprentun tíðindanna hjá Einkaleyfastofunni gegn greiðslu kostnaðar af útprentun þeirra og sendingu.

## III. KAFLI

**Breytingar vegna alþjóðlegrar skáningar hönnunar.**

## 12. gr.

Á eftir XI. kafla bætist við nýr kafla sem verður XII. kafla og nefnist Alþjóðleg skráning hönnunar og hljóðar svo:

## a. (38. gr.)

Umsókn um alþjóðlega skráningu hönnunar skal vera á ensku, vélrituð á þar til gert eyðublað frá alþjóðaskrifstofunni, er starfar á vegum Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO), og undirrituð af umsækjanda eða umboðsmanni hans.

Umsóknin skal uppfylla skilyrði reglu 7 í reglugerð samkvæmt Genfarsamningnum frá 2. júlí 1999 um breytingu á Haagsamningnum um alþjóðlega skráningu hönnunar á sviði iðnaðar.

Umsækjandi getur lagt umsókn um alþjóðlega skráningu hönnunar beint inn til alþjóðaskrifstofunnar eða til Einkaleyfastofunnar.

Umsókn, sem lögð er inn hjá Einkaleyfastofunni skv. 3. mgr., skal fylgja tilskilið gjald til Einkaleyfastofu fyrir móttöku og meðhöndlun umsóknarinnar (móttökugjald). Önnur gjöld skv. 7. gr. Genfarsamningsins, sbr. reglu 12 í reglugerð á grundvelli hans, skal greiða beint til alþjóðaskrifstofunnar hvort sem umsókn er lögð inn hjá Einkaleyfastofunni eða beint til alþjóðaskrifstofunnar.

## b. (39. gr.)

Í umsókn um alþjóðlega skráningu hönnunar skal tilgreina:

1. nafn umsækjanda og heimilisfang;
2. nafn þess ríkis eða þeirra ríkja sem umsækjandi sækir rétt sinn til að fullnægja skilyrðum þess að vera eigandi alþjóðlegrar skáningar: tilgreina þarf aðildarríki þar sem umsækjandi er ríkisborgari, aðildarríki þar sem umsækjandi hefur lögheimili og aðildarríki þar sem umsækjandi hefur virka atvinnustarfsemi;
3. aðildarríki sem umsækjandi sækir rétt sinn til (þ.e. eitt þeirra ríkja sem umsækjanda ber að tilgreina skv. 2. tölul.);
4. fjölda hannana sem koma fyrir í umsókn;
5. vöru þá eða vörur sem hönnunin samanstendur af; ef hönnunin er skreyting vöru, þarf að tilgreina þá vöru sem skreytingin er notuð á; leitast skal við að auðkenna vöru eða vörur með orðum sem koma fyrir í alþjóðlega flokkunarkerfinu (Locarno); ef um samskráningu er að ræða þurfa vörurnar að vera í sama flokki innan alþjóðlega flokkunarkerfisins;



6. aðildarríki sem umsækjandi tilnefnir;
7. upphæð gjalda sem greiða skal til alþjóðaskrifstofunnar, ásamt greiðslumáta eða beiðni um að skuldfæra viðeigandi upphæð á reikning sem opnaður hefur verið hjá alþjóðaskrifstofunni með upplýsingum um aðilann sem innir greiðsluna af hendi eða sendir beiðnina.

Ljósmyndir eða önnur myndræn framsetning hönnunar skal fylgja umsókn. Myndirnar skal líma eða prenta beint á sérstakt hvítt eða ljóst blað í stærðinni A4 og mega þær vera svarthvítar eða í lit.

Tilgreina þarf í umsókn nafn hönnuðar og heimilisfang sé þess krafist af tilnefndu aðildarríki.

Á umsókn um alþjóðlega skráningu, sem lögð er inn hjá Einkaleyfastofunni, skal færa dagsetningu móttöku.

Umsóknin skal enn fremur vera í samræmi við 5. gr. Genfarsamningsins og ákvæði reglugerðar á grundvelli hans.

c. (40. gr.)

Pegar Einkaleyfastofan hefur yfirfarið umsókn um alþjóðlega skráningu hönnunar, sem lögð er inn hjá stofnuninni, sendir hún umsóknina til alþjóðaskrifstofunnar eins fljótt og unnt er.

Sjái Einkaleyfastofan eitthvað athugavert við umsóknina skal umsækjanda tilkynnt það og honum veittur frestur til að leiðrétta eða lagfæra umsóknina.

Sé umsókn ekki lagfærð áður en frestur rennur út sendir Einkaleyfastofan hana óbreytta til alþjóðaskrifstofunnar hafi tilskilin gjöld verið greidd. Hafi tilskilin gjöld ekki verið greidd er umsókn endursend umsækjanda. Tilkynna skal umsækjanda um ákvörðun Einkaleyfastofunnar.

d. (41. gr.)

Pegar Einkaleyfastofunni berst tilkynning um að Ísland hafi verið tilnefnt í umsókn um alþjóðlega skráningu hönnunar athugar stofnunin hvort nokkuð sé því til fyrirstöðu að hönnunin öðlist gildi hér á landi.

Telji Einkaleyfastofan að alþjóðleg skráning hönnunar skuli öðlast gildi hér á landi er hún birt í ELS-tíðindum.

Birting alþjóðlegrar hönnunarskráningar í ELS-tíðindum skal hafa að geyma nafn og heimilisfang eiganda, nafn og heimilisfang hönnuðar ef hann er annar en eigandi skráningar, tilgreiningu vöru, alþjóðlegt skráningarnúmer, alþjóðlega skráningardagsetningu og myndir af hönnun. Jafnframt skal tilgreina númer tölublaðs alþjóðarits þess, „International Designs Bulletin“ frá Alþjóðahugverkastofnuninni, sem skráningin er birt í.

e. (42. gr.)

Alþjóðleg skráning hönnunar gildir í fimm ár frá skráningardegi. Beiðni um endurnýjun alþjóðlegrar skráningar skal send alþjóðaskrifstofunni.

Fyrir endurnýjun á gildi alþjóðlegrar skráningar hér á landi skal greiða tilskilið gjald. Gjaldið skal greitt til alþjóðaskrifstofunnar í svissneskum frönkum í samræmi við reglu 24 í reglugerð á grundvelli Genfarsamningsins.

Beiðni um endurnýjun skal enn fremur uppfylla önnur skilyrði reglu 24 í reglugerð á grundvelli Genfarsamningsins.

13. gr.

Sú grein, sem nú er 38. gr., verður 45. gr.

IV. KAFLI  
Gildistökuákvæði.

14. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 53. og 59 gr. laga nr. 46/2001 um hönnun, öðlast þegar gildi.

Við birtingu reglugerðar þessarar öðlast gildi X. kafli laga nr. 46/2001 um hönnun, með síðari breytingum. Genfargerð Haag-samningsins um alþjóðlega skráningu hönnunar á sviði iðnaðar frá 6. nóvember 1925, sem gerð var í Genf 2. júlí 1999 og öðlaðist gildi 23. desember 2003, öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 23. desember 2003. Genfargerðin var birt sem fylgiskjal með auglýsingu nr. 27 í C-deild Stjórnartíðinda 2001.

*Iðnaðarráðuneytinu, 14. júní 2004.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Jón Ögmundur Þormóðsson.*

24. júní 2004

Nr. 532

## AUGLÝSING

### um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara tilkynnir Samkeppnisstofnun að flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum er sem hér segir frá og með 1. júlí 2004 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið:

Bifreiðabensín	0,36 kr. á lítra
Gasolía	0,77 kr. á lítra
Aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,15 kr. á kg
Flugvélabensín	0,10 kr. á lítra
Flugsteinolía (þotuelsneyti)	0,14 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttakið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

*Samkeppnisstofnun, Reykjavík, 24. júní 2004.*

**Georg Ólafsson.**

*Gunnar G. Þorsteinsson.*

# REIKNINGUR

Þjóðhátíðarsjóðs fyrir árið 2003.

## Rekstrarreikningur ársins 2003.

	<i>Skýringar</i>	<i>Kr.</i>
<b>Gjöld:</b>		
Styrkir .....	6	4.500.000
Niðurfelling styrkja .....		(550.000)
Rekstrargjöld .....		<u>147.528</u>
Samtals gjöld		<u>4.097.528</u>
<b>Fjármunatekjur:</b>		
Vaxtatekjur .....	1, 4	<u>7.009.611</u>
Fjármunatekjur		<u>7.009.611</u>
<i>Tekjur umfram gjöld</i>		<u>2.912.083</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2003.

	<i>Skýringar</i>	<i>Kr.</i>
<b>Eignir:</b>		
<b>Langtímakröfur:</b>		
Spariskírteini ríkissjóðs .....	2, 5	<u>88.048.400</u>
<b>Veltufjármunir:</b>		
Handbært fé .....	3	<u>1.501.412</u>
<i>Eignir alls</i>		<u>89.549.812</u>
<b>Skuldir og eigið fé:</b>		
<b>Eigið fé:</b>		
Höfuðstóll í ársbyrjun .....		83.597.729
Hagnaður ársins .....		<u>2.912.083</u>
Samtals		<u>86.509.812</u>
<b>Skammtímaskuldir:</b>		
Óhafnar styrkveitingar .....		<u>3.040.000</u>
<i>Skuldir og eigið fé alls</i>		<u>89.549.812</u>

## Skýringar með ársreikningi 2003.

### Reikningsskilaaðferðir.

- Grundvöllur reikningsskilanna.*  
Ársreikningur Þjóðhátíðarsjóðs er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga nr. 696/1996.
- Langtímakröfur.*  
Langtímakröfur sjóðsins eru spariskírteini ríkissjóðs. Spariskírteini eru skráð á árslokagengi.

3. *Handbært fé.*

Til handbærs fjár teljast sjóður og bankainnstæður.

4. *Vaxtatekjur.*

	2003
Bankainnstæður	51.011
Gengistap/hagnaður vegna spariskírteina	<u>6.958.600</u>
Samtals kr.	<u>7.009.611</u>

5. *Spariskírteini.*

Í upphafi árs var spariskírteinaeign sjóðsins í 1. fl. D 1995 til 10 ára að nafnverði 46 m.kr., sem uppreiknað er til verðgildis í ársbyrjun til 84,9 m.kr. Á árinu voru seld sparis-  
skírteini að nafnverði 2 m.kr., söluverð 3,8 m.kr. Í árslok nam spariskírteinaeign sjóðsins  
í framangreindum flokki 44 m.kr. að nafnverði, sem að uppfærðu verðgildi nam 88 m.kr.

6. *Styrkir.*

Á árinu 2003 voru eftirtöldum aðilum veittir styrkir:

	kr.
Friðbjarnarhús .....	200.000
Félag um þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar .....	200.000
Grasagarður Reykjavíkur .....	200.000
Hótel Djúpavík ehf. ....	150.000
Blöðruskalli .....	150.000
Byggðasafn Vestmannaeyja .....	150.000
Samgönguminjasafnið .....	150.000
Oddur Friðrik Helgason .....	150.000
Þjóðminjasafn Íslands .....	200.000
Örnefnastofnun Íslands .....	200.000
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar .....	200.000
Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn .....	150.000
Héraðsskjalasafnið Ísafirði .....	150.000
Heimilisiðnaðarskóli Íslands .....	150.000
Híð íslenska bókmenntafélag .....	200.000
Byggðasafn Reykjanesbæjar .....	150.000
Náttúruvísunarséðin við Mývatn .....	150.000
Fornleifavernd ríkisins .....	100.000
Kvenfélagið Iðja .....	75.000
Hulda Guðmundsdóttir .....	150.000
Fuglaverndarfélag Íslands .....	75.000
Undirbúningshópur um stofnun fuglarannsóknar- stöðvar á Höfn .....	150.000
Rangárþing ytra .....	150.000
Ferðamálaasetur Íslands .....	200.000
Kammersveit Reykjavíkur .....	150.000
Smekkleysa sm/ehf. ....	150.000
Una Margrét Jónsdóttir .....	100.000
Nína Margrét Grímsdóttir .....	150.000
Tækniminjasafn .....	150.000
Samtals kr.	<u>4.500.000</u>

## Áritun endurskoðenda

*Til stjórnar Þjóðhátíðarsjóðs.*

Við höfum endurskoðað ársreikning Þjóðhátíðarsjóðs fyrir árið 2003. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar nr. 1-6. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög, reglur og starfsskyldur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin fólst meðal annars í úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum og einnig athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri stofnunarinnar á árinu 2003, efnahag 31. desember 2003 og breytingu á handbæru fé á árinu 2003 í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 3. maí 2004.

Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi.

## Staðfesting stjórnar

Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2003 með áritun sinni.

*Reykjavík, 2. júní 2004.*

Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs.

**Sigríður Ragna Sigurðardóttir.**

**Birgir Ísleifur Gunnarsson.**  
**Margrét K. Sverrisdóttir.**

**Jónína Michaelsdóttir.**  
**Björn Teitsson.**

---

*Sigfús Gauti Þórðarson ritari.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 574/1991 varðandi umsóknir um einkaleyfi o.fl., með síðari breytingum.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr.:

- a. Í stað orðsins „örvera“ í 5. tölul. 2. mgr. kemur: líffræðilegs efnis.
- b. Á eftir 5. tölul. 2. mgr. kemur nýr tölul. sem orðast svo:  
6) hvernig umsækjandi öðlaðist rétt til uppfinningarinnar sé umsækjandi annar en uppfinningamaður.
- c. 6. tölul. 2. mgr. verður 7. tölul.
- d. 3. tölul. 3. mgr. fellur brott.
- e. Á eftir 4. mgr. kemur ný mgr. sem orðast svo:

Ef uppfinning tekur til líffræðilegs efnis plantna eða dýra, eða notkunar slíks efnis, skal í umsókn tilgreina landfræðilegan uppruna efnisins sé hann þekktur. Ef landfræðilegur uppruni efnisins er ekki þekktur skal það tekið fram í umsókninni. Vanti upplýsingar um landfræðilegan uppruna efnisins eða sé umsækjanda ekki um hann kunnugt hefur það ekki áhrif á meðferð umsóknarinnar eða réttindi samkvæmt útgefnu einkaleyfi.

#### 2. gr.

1. mgr. 8. gr. orðast svo:

Einkaleyfastofan útbýr mánaðarlega eða í tengslum við útgáfu ELS-tíðinda skv. 49. gr. yfirlit yfir umsóknir, sbr. 7. gr., þar sem fram koma þær upplýsingar sem um getur í 1., 3., 6.-11. og 14. tölul. 3. mgr. 7. gr. auk nafns uppfinningamanns.

#### 3. gr.

2. mgr. 17. gr. orðast svo:

Taki einkaleyfisumsóknin til varðveitts sýnis af líffræðilegu efni skv. 6. mgr. 8. gr. einkaleyfalaga skal umsóknin, þegar hún er lögð inn, hafa að geyma allar upplýsingar sem máli skipta varðandi eiginleika líffræðilega efnisins og umsækjanda er kunnugt um.

#### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. a:

- a. Í stað orðanna „Rækt af örverustofni“ í 1. mgr. kemur: Sýni af líffræðilegu efni.
- b. Í stað orðsins „örvera“ í 1. mgr. kemur: líffræðilegs efnis.
- c. Í stað orðsins „örverur“ í 3. mgr. kemur: líffræðilegt efni.

#### 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. b:

- a. Í stað orðanna „rækt af örverustofni“ í 1. og 3. mgr. kemur: sýni af líffræðilegu efni.
- b. Í stað orðsins „ræktinni“ í 1. mgr. kemur: sýninu.
- c. Í stað orðsins „ræktarinnar“ í 3. og 4. mgr. kemur: sýnisins.

#### 6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. c:

- a. Í stað orðanna „ræktar af örverustofni“ í 1. mgr. kemur: sýnis af líffræðilegu efni.
- b. Í stað orðsins „ræktarinnar“ í 2. mgr. kemur: sýnisins. Í stað orðanna „varðveittri örverurækt“ í 2. mgr. kemur: varðveittu líffræðilegu efni. Í stað orðsins „örvera“ í 2. mgr. kemur: líffræðilegs efnis.

- c. Í stað orðanna „ný rækt af örverustofni var lögð“ í 3. mgr. kemur: nýtt sýni af líffræðilegu efni var lagt. Í stað orðsins „ræktin“ í 3. mgr. kemur: sýnið.

## 7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 25. gr.:

Í stað orðanna „varðveittrar ræktar af örverustofni“ kemur: varðveitts sýnis af líffræðilegu efni. Í stað orðanna „varðveittri örverurækt“ kemur: varðveittu líffræðilegu efni.

## 8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. a:

- a. Í stað orðanna „varðveittri örverurækt“ í 1. mgr. kemur: varðveittu líffræðilegu efni.  
b. Í stað orðsins „rækt“ í 2. mgr. kemur: sýni.  
c. Í stað orðanna „varðveittri rækt af örverustofni“ í 3. mgr. kemur: varðveittu sýni af líffræðilegu efni.

## 9. gr.

25. gr. c orðast svo:

Enda þótt gefin hafi verið út yfirlýsing skv. 25. gr. a og b er heimilt vegna nýrrar einkaleyfisumsóknar að leggja inn til varðveislu sýni af líffræðilegu efni sem leitt er af sýnis-horni er hefur verið afhent ef varðveisla afleidda sýnisins er nauðsynleg vegna nýju umsóknarinnar.

## 10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 25. gr. d:

Í stað orðsins „örveruræktina“ kemur: líffræðilega efnið.

## 11. gr.

11. tölul. 31. gr. orðast svo:

11) upplýsingar um varðveislustofnun og varðveislunúmer sýnis af líffræðilegu efni ef slíkt sýni er varðveitt vegna einkaleyfisins.

## 12. gr.

9. tölul. 44. gr. orðast svo:

9) upplýsingar um varðveislustofnun og varðveislunúmer sýnis af líffræðilegu efni ef slíkt sýni er varðveitt vegna einkaleyfisins.

## 13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 48. gr.:

Í stað orðsins „örverurækt“ kemur: líffræðilegt efni.

## 14. gr.

49. gr. orðast svo:

Allar auglýsingar og tilkynningar varðandi einkaleyfi eða einkaleyfisumsóknir, sem birta skal almenningi samkvæmt lögum eða reglugerðum, eru birtar í ELS-tíðindum sem Einkaleyfastofan gefur út.

Heimilt er að gefa ELS-tíðindi út og dreifa þeim á rafrænan hátt, þar á meðal á netinu.

Verði útgáfa ELS-tíðinda eingöngu rafræn skulu þeir sem þess óska áfram geta keypt útprentun tíðindanna hjá Einkaleyfastofunni gegn greiðslu kostnaðar af útprentun þeirra og sendingu.

14. júní 2004

1349

Nr. 534

15. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 52. gr.:

Í stað orðsins „riti“ kemur: ELS-tíðindum.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 69. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi, öðlast þegar gildi.

*Iðnaðarráðuneytinu, 14. júní 2004.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Jón Ögmundur Þormóðsson.*

18. júní 2004

Nr. 535

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag vegna skiltis við Garðatorg og Vífilsstaðaveg í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt deiliskipulag vegna skiltis við Garðatorg og Vífilsstaðaveg í Garðabæ. Í tillögunni felst að heimilt verður að reisa um 7 metra hátt skiltisvirki milli Garðatorgs og Vífilsstaðavegar.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Skipulagið öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F.h. Garðabæjar, 18. júní 2004.*

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi.



# GJALDSKRÁ

fyrir byggingarleyfisgjöld og gjöld tengd þeim í Stykkishólmsbæ.

## 1. gr.

### *Almennt.*

Bæjarstjórn er heimilt að innheimta gjöld fyrir þau leyfi sem hún veitir. Jafnframt er heimilt að innheimta gjöld fyrir útmælingu, úttektir og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té.

## 2. gr.

### *Gjöld.*

Gjöld er greiddast til bæjarsjóðs sbr. 1. gr., eru eftirfarandi.

	kr.
1. Fastagjald	3.000
2. Byggingarleyfisgjald, fyrir hvern m <sup>3</sup>	35
3. Stöðuleyfi (hámark eitt ár í senn)	6.000
4. Vottorð um byggingarstig	6.000
5. Mælingargjald (þéttbýli)	10.000

Skýringar við ofangreind gjöld:

1. Umfjöllunargjald skipulags- og byggingarnefndar.
2. Gjald vegna yfirferðar byggingarfulltrúa á teikningum og útgáfu byggingarleyfis, rúmmálið reiknast skv. ÍST 50.
3. Stöðuleyfi skv. 71. gr. byggingarreglugerðar.
4. Úttektir í samræmi við 53. gr. skipulags- og byggingarlaga og 48. gr. byggingarreglugerðar.
5. Útgáfa vottorða t.d. foheldisvottorð, vottorð vegna endurbóta.
6. Útsetning lóða og fasteigna (fyrsta útsetning innifalin í gatnagerðargjaldi).

## 3. gr.

### *Greiðslur gjalda.*

Fastagjald og byggingarleyfisgjald skal vera greitt eða um það samið áður en byggingarleyfi er gefið út. Gjöldum skv. 53. gr. skipulags- og byggingarlaga fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi sbr. 55. gr. skipulags- og byggingarlaga.

## 4. gr.

### *Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi er sett af bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar með stoð í lögum nr. 73/1997 og öðlast gildi þegar í stað.

*Samþykkt af bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar, 7. apríl 2004.*

**Óli Jón Gunnarsson** bæjarstjóri.

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir Minningarsjóð Ásgeirs Jónsteinssonar.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Ásgeirs Jónsteinssonar. Ásgeir Jónsteinsson fæddist 21. apríl 1992 og lést 15. mars 2004. Hann var sonur Jónsteins Jenssonar og Snæðísar Stefánsdóttur, Haga á Selfossi.

Sjóðurinn er stofnaður af Jóhannesi Jónssyni, kaupmanni í Bónus.

### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilega nemendur á Selfossi til náms, og jafnframt rannsóknir á athyglisbresti, ofvirkni og annarri atferlisröskun barna.

### 3. gr.

Heimili sjóðsins og varnarþing er á Selfossi.

### 4. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1.000.000 - ein milljón króna -, sem Jóhannes Jónsson í Bónus lagði fram hinn 21. apríl 2004, en þann dag hefði Ásgeir Jónsteinsson orðið 12 ára.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa sr. Gunnar Björnsson, sóknarprestur á Selfossi, kt. 151044-7519, Eyjólfur Sturlaugsson, skólastjóri Vallaskóla á Selfossi, kt. 180564-8029, og Ólafur B. Snorrason, framkvæmdastjóri Ræktunarsambands Flóa og Skeiða, kt. 060948-7049. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Stjórnendur sitja ótímabundið í stjórn. Hverfi menn úr stjórn skulu þeir sem eftir sitja í stjórninni tilnefna nýjan stjórnarmann.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárvörslu hans, tekur allar ákvarðanir um rekstur hans og hvernig markmiðum hans verði best náð.

### 6. gr.

Tekna aflar sjóðurinn með sölu minningarkorta, en auk þess eru tekjur hans frjáls fram-lög, vextir og arður af eignum sjóðsins og annað það, sem sjóðnum kann að áskotnast.

### 7. gr.

Stjórn sjóðsins skal heimilt að veita af tekjum hans og óbundinni eign styrki í samræmi við tilgang hans. Stjórnin annast styrkveitingar úr sjóðnum og setur sér frekari úthlutunar-reglur. Stjórnarmenn fá ekki þóknun fyrir setu í stjórn sjóðsins.

Ávaxta skal stofnfé sjóðsins sem tryggilegast og arðvænlegast. Ekki er heimilt að skerða stofnfé sjóðsins.

### 8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar hans skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda og lagðir fyrir stjórn sjóðsins, sem sendir þá Ríkisendurskoðun í samræmi við ákvæði laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir, sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

## 9. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, en til þess þarf samþykki stofnanda og stjórnarmanna og staðfestingu dómsmálaráðherra.

Samþykki stofnanda og stjórnarmanna þarf til þess að leggja sjóðinn niður.  
Skal eignum hans þá ráðstafað í samræmi við tilgang sjóðsins.

## 10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. júní 2004.*

F. h. r.

**Hjalti Zóphóníasson.**

\_\_\_\_\_  
*Bryndís Helgadóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, er taki gildi 1. júlí 2004:

Gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, nr. 753, 17. október 2002, með síðari breytingum, breytist þannig:

Allir gjaldskrárliðir fyrir heitt vatn hækka um 2,6%.

*Iðnaðarráðuneytinu, 22. júní 2004.*

F. h. r.

**Benedikt Árnason.**

\_\_\_\_\_  
*Guðrún Skúladóttir.*

# AUGLÝSING

## um breytingu á auglýsingu nr. 575/1991 um reglur varðandi einkaleyfisumsóknir, með síðari breytingum.

### 1. gr.

5. gr. auglýsingarinnar orðast svo:

Lýsingin skal hefjast á ótölusettri forsiðu með stuttu og lýsandi heiti á uppfinningunni og skal að öðru leyti þannig úr garði gerð:

1) *Almennur hluti* þar sem tilgreint er notkunarsvið uppfinningarinnar og staða þeirrar tækni sem hún tekur til. Greinargerð um stöðu tækninnar skal studd tilvitnunum í ritað mál þar sem fjallað er um viðkomandi tækni og umsækjanda er kunnugt um. Sérstaklega skal tilgreina hvað ávinnst með uppfinningunni í ljósi þekkrar tækni og hverra úrræða sé þörf eigi tilætlaður árangur að nást. Þessi síðastnefnda umfjöllun verður að vera í samræmi við það sem fram kemur í kröfunum og má í þessu samhengi vísa til þeirra. Leiði ekki sjálfkrafa af eðli uppfinningarinnar hvernig unnt er að hagnýta hana í atvinnulífi skal útskýra það í lýsingunni. Ef um uppfinningu er að ræða sem varðar gen skal það tekið skýrt fram hvernig unnt er að hagnýta kinnaröð eða hluta kinnaraðar gens í atvinnulífi. Ef uppfinningin varðar breytingu á erfðaeiginleikum dýra skal taka fram hvort uppfinningin geti valdið dýrinu þjáningu og ef svo er hvort uppfinningin hafi í för með sér verulegan læknisfræðilegan ávinning fyrir menn eða dýr.

2) *Sérhluti* þar sem uppfinningunni er lýst nánar og sérstaklega eru tilgreind dæmi um útfærslu eða útfærsluform hennar með vísun í teikningar ef við á. Uppfinningunni skal lýst það vel með dæmum að kröfunar teljist nægilega vel grundaðar. Ef vísað er til teikninga er að jafnaði nauðsynlegt að birta lista yfir þær í inngangi þessa hluta lýsingarinnar.

### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. a í auglýsingunni:

- a. Á eftir orðinu „örverur“ í 1. mgr. kemur: og aðrar lífverur.
- b. Í stað orðsins „örverur“ í 2. og 4. mgr. kemur: lífverur.
- c. Í stað orðsins „örverum“ í 2. og 3. mgr. kemur: lífverum.

### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. a í auglýsingunni:

- a. Á eftir orðinu „örverur“ í 1. mgr. kemur: og aðrar lífverur.
- b. Í stað orðsins „örverur“ í 2. mgr. kemur: lífverur.

### 4. gr.

Auglýsing þessi er sett í samræmi við 42. gr. reglugerðar nr. 574/1991 varðandi umsóknir um einkaleyfi o.fl., með síðari breytingum, með stoð í 69. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi. Auglýsingin öðlast þegar gildi.

*Iðnaðarráðuneytinu, 14. júní 2004.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Jón Ögmundur Þormóðsson.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 916/2001, um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl., með síðari breytingum.

#### 1. gr.

7. tölul. 1. gr. reglugerðarinnar orðast svo:
7. Umsýslugjald fyrir alþjóðlega umsókn skv. 4. tölul. 2. mgr. 66. gr. reglugerðar nr. 574/1991 varðandi umsóknir um einkaleyfi o.fl. (rg. ell.) ..... 6.500

#### 2. gr.

10. tölul. 10. gr. reglugerðarinnar orðast svo:
10. Fyrir móttöku og meðhöndlun á umsókn um alþjóðlega skráningu vörumerkis, sbr. 47. gr. vörumerkjalaga..... 6.500

#### 3. gr.

- Nýjum tölulið, 6. tölul., er bætt við 15. gr. reglugerðarinnar og orðast svo:
6. Fyrir móttöku og meðhöndlun á umsókn um alþjóðlega skráningu hönnunar, sbr. 55. gr. laga um hönnun ..... 6.500

#### 4. gr.

- Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. reglugerðarinnar:
- a. Í stað orðsins „Lausasala“ í 2. tölul. kemur: Útrentun.
- b. Á eftir 2. tölul. kemur nýr töluliður, 3. tölul., sem orðast svo: Útrentun úr ELS-tíðindum, hver bls. .... 10
- c. Núverandi 3. tölul. verður 4. tölul.
- d. Núverandi 4. tölul. verður 5. tölul.
- e. Núverandi 5. tölul. verður 6. tölul.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 68. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi, 65. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki og 53. gr. laga nr. 46/2001 um hönnun, öðlast þegar gildi.

*Iðnaðarráðuneytinu, 14. júní 2004.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Jón Ögmundur Pormóðsson.*

# GJALDSKRÁ

## Reykjavíkurbafnar.

### I. KAFLI.

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Reykjavíkurböfn er sett skv. heimild í 17. grein hafnalaga nr. 61/2003, sbr. bráðabirgðaákvæði nr. 1.

Gjaldskráin er við það miðuð að Reykjavíkurböfn geti haft nægar tekjur til þess að standa undir rekstri hafnar sbr. 5. tölulið 3. gr. hafnalaga.

#### Um gjalddöku tengda stærð skipa.

##### 2. gr.

Við ákvörðun gjalda, sem taka mið af stærð skipa, skal miðað við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælingarbréfi, sem gefið er út í samræmi við alþjóðasamþykktina um mælingu skipa frá 1969.

##### 3. gr.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

#### Skipagjöld.

##### 4. gr.

##### *Lestagjöld:*

Af öllum skipum skal greiða lestagjald, kr. 9,20 á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftari en tvisvar í mánuði.

##### *Bryggjugjöld:*

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða samkvæmt eftirfarandi:

Skip minni en 15.000 BT kr. 4,20 á mælieiningu fyrir hverja 24 tíma, sem skip liggur bundið og skip stærri en 15.000 BT kr. 5,90 á mælieiningu fyrir hverja 24 tíma, sem skip liggur bundið.<sup>1</sup>

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 60,00 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 6.500 á mánuði. Bátar minni en 20 BT greiði þó aldrei lægra en kr. 3.850 á mánuði. Gjald fyrir einkalegu við flotbryggjur í Suðurbugt skal vera kr. 92.400 á ári.

#### Vörugjöld.

##### 5. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

##### 6. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendirar eða erlendirar, en eru láttnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar

<sup>1</sup> Bryggjugjöld voru í fyrri gjaldskrá miðuð við byrjaða 12 tíma í stað 24.

eru fluttar í land. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

7. gr.

Af vörum, sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálfvörugjald.

Af vörum sem koma frá útlöndum og fara eiga áfram til útlanda er heimilt að innheimta fullt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

8. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a) Umbúðir sem endursendar eru.
- b) Olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d) Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

9. gr.

Vörugjald reiknast eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóri eða afgreiðslumaður skips skal láta höfninni í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

10. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 171,60 fyrir hvert tonn:  
Kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
2. fl.: Gjald kr. 210,00 fyrir hvert tonn:  
Bensín, brennsluolía, lýsi og fiskimjöl.
3. fl.: Gjald kr. 356,60 fyrir hvert tonn:  
Pungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, veiðarfæri, smurningsolía, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda. Þökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir.
4. fl.: Gjald kr. 983,00 fyrir hvert tonn:  
Aðrar vörur, sem ekki eru tilgreindar í 1. – 3. fl.  
Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna, enda ferðast eigendur með sama skipi.
5. fl.: Gjald 1,30%. Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brott-

flutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.

Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis. Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði.

Seljanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um seldan afla um leið og sala hefur átt sér stað, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað.

Seljandi ber skil á greiðslu aflagjalds.

Hámarksgjald samkvæmt lið þessum er 4.000 kr. fyrir hvert tonn.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 135,00.

### **Farþegagjald.**

11. gr.

Farþegagjald skal tekið við komu og brottför farþega um Reykjavíkurböfn. Gjaldtaka hefst árið 2005.

### **Lóðagjöld og lóðaleiga.**

12. gr.

Almenn regla:

Lóðagjöld eru kr. 4.553 á m<sup>2</sup> (miðað við byggingarvísitölu 299,8 í júní 2004) og taka breytingum miðað við byggingarvísitölu á hverjum tíma.

Lóðaleiga skal vera 2,5% af lóðarmati hverrar lóðar.

Frávik frá reglu þessari byggist á sérstöku samkomulagi við stærstu lóðarhafa.

### **Hafnsögugjöld.**

13. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- Fyrir leiðsögu til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi kr. 1.744,00 fyrir hvert skip, auk kr. 3,20 fyrir hvert brúttótonn. Fyrir leiðsögu frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
- Fyrir leiðsögu um höfnina skal greiða hálf gjald samkvæmt lið a.
- Ef skipstjóri skips hefur hafnsöguréttindi skv. ákvörðun hafnarstjórnar og hafnsögumaður fer ekki um borð, er veittur 25% afsláttur af hafnsögugjaldi.

### **Þjónusta dráttarbáta.**

14. gr.

Tímagjald fyrir aðstoð dráttarbáta miðast við brúttóstærð skips, og er fyrir skip minni en 15.000 BT kr. 4,80 á BT og fyrir skip stærri en 15.000 BT kr. 5,80 á BT. Lágmarksgjald á klst. er kr. 18.000 og hámarksgjald á klst. kr. 132.500. Lágmarkstími fyrir aðstoð er 1 klst.

Fylgi dráttarbátur skipi til öryggis í eða úr höfn, er tekið hálf gjald.

Á siglingatíma til og frá stað utan hafnar er tekið hálf gjald fyrir bátinn.

Í biðtíma er tekið hálf gjald fyrir bátinn.

Við færslu innan hafnar er veittur 10% afsláttur.

Fluttur hafnsögumaður: Fast gjald kr. 9.000.

Aðrir flutningar: Lægsta tímagjald skv. gjaldskrá.

Þegar dráttarbátur flytur hafnsögumann og aðstoðar einnig skipið, fellur gjald fyrir flutning hafnsögumanns niður.

Önnur aðstoð er samkvæmt samningi hverju sinni



**Festargjöld.**

15. gr.

Festargjöld fyrir hverja afgreiðslu (1-2 menn) kr. 7.000. Séu fleiri en tveir menn notaðir við afgreiðslu er gjald fyrir hvern aukamann kr. 7.000.

**Vatns- og rafmagnssala.**

16. gr.

<i>Vatnsgjöld:</i>	Vatn afgreitt frá bryggju:		
	Kalt vatn	kr./m <sup>3</sup>	177
	Heitt vatn	kr./m <sup>3</sup>	332

Lágmarksgjald miðast við 15 tonn.

*Rafmagnssala:* Rafmagnsnotkun kr./kwst. 6,90

Lágmarksgjald miðast við 400 kwst.

**Vigtargjald.**

17. gr.

Almenn vigtun kr. 150 á tonn.

Lægsta gjald fyrir einstaka vigtun kr. 900.

Skráningargjald fyrir skráningu í „Lóðs“ kr. 75 á tonn.

Útkall milli kl. 18.00 og 09.00 virka daga, svo og um helgar, greiðist sérstaklega kr. 9.000.

**Um innheimtu og greiðslu gjalda.**

18. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra gjalda skv. gjaldskrá þessari og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar. Heimilt er að leita samþykkis skrifstofunnar til notkunar greiðslumiðlunar við uppgjör skulda.

Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er áskilið að reikna dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

19. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til Reykjavíkurhafnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt við komu til hafnar að gefa hafnarstjóra upplýsingar um skipið í samræmi við ákvæði 5. mgr. 33. gr. reglugerðar nr. 326/2004 um hafnamál og afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess vegna ófullnægjandi upplýsinga frá skipstjóra og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda áfallinna gjalda.

Áfallin gjöld skal greiða áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema að hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

20. gr.

Vörugjald greiðist af öllum vörum sem eru affermdar, afhentar eða fluttar, eða á annan hátt sjóleiðis eða landleiðina, inn fyrir mörk hafnarinnar. Vörugjaldið reiknast skipi til skuldar áður en skip hefur siglingu, nema annað sé sérstaklega um samið. Vörugjald er á ábyrgð farmflytjanda og er afhending vöru án greiðslu vörugjalds á hans ábyrgð.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrir en gjaldið er greitt.

## 21. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má ávallt tryggja með aðför að undangengnum dómi.

Skipagjöld eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða vátryggingarfé. Gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðkröfum sbr. ákvæði 2. mgr. 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003. Reykjavíkurhöfn er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu áfallinna gjalda ef ástæða þykir til.

## 22. gr.

Öll gjöld í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts. Reykjavíkurhöfn er skylt að innheimta virðisaukaskatt af öllum gjöldum í gjaldskrá þessari, sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

**Gildistaka.**

## 23. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Reykjavíkurhöfn er samþykkt af hafnarstjórn þann 22. júní 2004, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004 og staðfest af borgarstjórn 24. júní 2004.

Gjaldskráin öðlast gildi þann 1. júlí 2004 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Reykjavík, 24. júní 2004.*

**Bergur Þorleifsson** hafnarstjóri.

**REGLUGERÐ****um breytingu á reglugerð nr. 419/1999 um skirteini útgefin af Flugmálastjórn Íslands.**

## 1. gr.

Núverandi 1. gr. í V. hluta reglugerðarinnar fellur niður og í staðinn kemur ný svohljóðandi grein:

**1. Undanþágur.**

Flugmálastjórn Íslands getur heimilað að vikið sé frá ákvæðum reglugerðar þessarar þegar sérstökum ástæðum er til að dreifa og flugöryggi er ekki stefnt í hættu, enda sé reglna Flugöryggissamtaka Evrópu (JAA) að fullu gætt.

2. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 145. gr., sbr. 31., 73. og 74. gr., laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 14. júní 2004.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi norðan Skarðsheiðar 1997-2017, Indriðastaðir (golfvöllur), Skorradalshreppi.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. júní 2004 staðfest breytingu á svæðisskipulagi norðan Skarðsheiðar 1997–2017 frá 19. febrúar 1998.

Breytingin felst í því að 35,2 ha landbúnaðarsvæði er breytt í opið svæði til sérstakra nota.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Skorradalshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 24. júní 2004.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*



